

Nd.

168. Frumvarp til laga

[145. mál]

um málefni fatlaðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

Markmið og stjórn.

1. gr.

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna, og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best. Ennfremur að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín, s. s. með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða, er þau varða.

2. gr.

Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks stuðnings.

3. gr.

Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ. m. t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneytið, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið skal annast málefni fatlaðra, samkvæmt lögum þessum.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Stjórnarnefndin gætir þess að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar. Stjórnarnefndin skal skipuð 7 mönnum til 4 ára í senn. Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa, en samtök fatlaðra, Landsamtökin proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmda laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

Pegar fjallað er um vinnumál fatlaðra skal stjórnarnefndin kalla til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins eftir því sem ástæða er til.

4. gr.

Landinu skal skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir:

1. Reykjavíkurborg.
2. Reykjanessvæði, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu og kaupstaðina Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og Seltjarnarnes.
3. Vesturland, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Akraneskaupstað.

4. Vestfirðir, sem taka yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Bolungarvík og Ísafjörð.
5. Norðurland vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurland eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður-Pingeyjarsýslu, Norður-Pingeyjarsýslu og kaupstaðina Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri og Húsavík.
7. Austurland, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafells-sýslu og kaupstaðina Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð.
8. Suðurland, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Vestmannaeyjar og Selfoss.

5. gr.

Á hverju svæði skal starfa 7 manna svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með þessi mál fara á svæðinu, svo sem fræðslustjóra, héraðslækna, sveitarfélaga og samtaka fatlaðra. Í hverri svæðisstjórn skulu verða fræðslustjóri, héraðslæknir og fimm menn skipaðir af ráðherra. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða stjórn viðkomandi samtaka. Samtök fatlaðra, Landssamtökin proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð sbr. 3. mgr. 3. gr.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn borgarfulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

Stjórnin kys sér formann. Skipunartími stjórnar er 4 ár. Þeir sem skipa svæðisstjórn skulu búsettir á svæðinu.

II. KAFLI

Þjónusta og stofnanir.

6. gr.

Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:

1. Frumgreining. Eftirlit með nýfæddum börnum og frumathugun þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
2. Proskahjálfun og leikfangþjónusta.
3. Sérkennsla.
4. Hjálpartækja- og flutningsþjónusta.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Sálfræðiþjónusta.
7. Hæfing og endurhæfing.
8. Verkhjálfun og starfspröfun.
9. Iðjuþjálfun.
10. Atvinnuleit.
11. Félagráðgjöf.

Veita skal fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er.

Uppbygging og starfsemi þeirra skal þannig úr garði gerð að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Ráðherra er heimilt að fella niður eða bæta við þjónustupáttum. Þá getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir landið allt að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

7. gr.

Stofnanir fyrir fatlaða eru:

1. Dagvistarstofnanir fyrir börn og deildir tengdar þeim stofnunum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Meðferðarheimili.
6. Sumardvalarheimili.
7. Sambýli (pensionöt).
8. Dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili.
9. Hjúkrunarheimili.
10. Verndaðir vinnustaðir.
11. Atvinnuleit.
12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
13. Vistheimili.

Ráðherra er heimilt að bæta við stofnunum eða fella niður að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

Ráðherra veitir leyfi fyrir nýrri starfsemi og þjónustu svo og fyrir meiriháttar breytingum á starfsemi og þjónustu að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

8. gr.

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 7. gr., 5., 7., 9. og 13. tl. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og Greiningarstöð ríkisins. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra.

Sé umsókn um vistun synjað, er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar.

Að fengnum tillögum stjórnarnefndar getur ráðherra ákveðið að fleiri stofnanir skv. 7. gr. falli undir ákvæði 1. mgr.

9. gr.

Fötluðum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við sitt hæfi. Svæðisstjórnir skulu sjá um að þessi þjónusta verði veitt að höfðu samráði við hlutadeigandi aðila.

10. gr.

Fatlað barn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið.

Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og Greiningarstöðin þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar samkvæmt 2. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar.

11. gr.

Leyfi til handa sveitarfélögum og félögum fatlaðra til að setja á fót og reka stofnanir fyrir fatlaða veita hlutaðeigandi ráðuneyti að fengnum tillögum stjórnarnefndar og viðkomandi svæðisstjórnar.

Svæðisstjórnir bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum fyrir fatlaða, uppbyggingu þeirra, húsnæði, tækjabúnaði, starfsháttum og rekstri. Skylt er að veita fulltrúum svæðisstjórna aðgang að stofnunum til eftirlits og upplýsingar um allt er varðar starfsemi þeirra og afkomu. Svæðisstjórnnum ber að leiðbeina stofnunum um það sem betur má fara.

Samkvæmt tillögu stjórnarnefndar getur ráðherra svipt stofnanir þessar leyfi til að starfa ef þær fara ekki eftir kröfu svæðisstjórna um það sem talið er ábótavant í rekstrinum innan hæfilegs tíma.

12. gr.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um þjónustu þessa og stofnanir svæðisbundið eða fyrir allt landið, sbr. 6. og 7. gr., að fengnum tillögum svæðisstjórnar (svæðisstjórna) og stjórnarnefndar.

Svæðisstjórn gerir tillögur að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu þessara stofnana.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

13. gr.

Komi í ljós við mæðraskoðun að líkur séu á að barn verði fatlað, ber viðkomandi eftirlitsaðila að tilkynna það foreldrum og í samræði við þá hlutast til um frekari rannsókn og fyrirbyggjandi aðgerðir eftir því sem kostur er.

14. gr.

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samræði við foreldra að tilkynna það svæðisstjórn. Jafnframt skal í heilsugæslustöð fara fram frumgreining. Skal foreldrum gerð grein fyrir hugsanlegri fötlun. Tilkynna skal niðurstöður frumgreiningar til Greiningarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir.

15. gr.

Við reglulegar heilsufarsskoðanir barna skal sérstaklega gefa gaum að andlegu og líkamlegu atgervi þeirra. Sama skylda hvílir á sálfræðiþjónustu í skólum. Komi í ljós einkenni um fötlun skal tilkynna það svæðisstjórnnum og fer um slíkt samkvæmt 14. gr.

IV. KAFLI

Greiningarstöð ríkisins.

16. gr.

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningarstöð, Greiningarstöð ríkisins og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Hlutverk hennar er fyrst og fremst:

1. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða, sem vísað er til Greiningarstöðvarinnar í samvinnu við fræðslu-, félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld.
2. Rannsókn á fötludum börnum og unglíngum, sem vísað er þangað í því skyni að ákvarða æskilega meðferð fyrir viðkomandi.
3. Tilvísanir til meðferðaraðila.
4. Ráðgjöf fyrir foreldra, forráðamenn og meðferðaraðila.

5. Leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna, er annast þjónustu samkvæmt 6. og 7. gr. í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla, sem annast menntum starfsmanna á viðkomandi sviðum.

Forstöðumaður Greiningarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra. Sérstakur framkvæmdastjóri skal sjá um daglegan rekstur stöðvarinnar.

Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra Greiningarstöðvar ríkisins.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra fer með stjórn Greiningarstöðvar ríkisins.

Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni Greiningarstöðvarinnar uns hún tekur til starfa.

V. KAFLI

Hæfing og endurhæfing.

17. gr.

Tilgangur hæfingar og endurhæfingar er sá að draga úr áhrifum fötlunar og koma í veg fyrir hana eins og frekast er unnt.

Stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skulu í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti sjá svo um að fatlaðir eigi kost á þjálfun við hæfi, svo þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu.

Ennfremur skulu þessir aðilar sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast þjónustu á þessu sviði og áætlanir um hvernig henni skuli hagað.

18. gr.

Stofnanir sem annast hæfingu og endurhæfingu njóta aðstoðar með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum. Stjórnarnefnd vinnur að því að verkaskipting þeirra sé sem hagkvæmust og starfshættir samræmdir í framkvæmd.

Í samvinnu við þessar stofnanir skal stjórnarnefnd beita sér fyrir gerð kannana og áætlana. Tilgangur kannana er að jafnan séu til reiðu glöggar upplýsingar um stöðu þessara mála og að ráðstafanir á þessum sviðum svari jafnan sem best kröfum tímans. Markmið áætlanagerðar er að séð verði fyrir þörfum fatlaðra um hæfingu, endurhæfingu og vinnu og skal slík áætlun endurskoðuð eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

19. gr.

Heimilt er að tillögu sveitarstjórna að veita aðstoð þeim sem lög þessi ná til sem hér segir:

1. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og skyldulið sitt á meðan endurhæfing fer fram.

2. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

3. Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Félagsmálaráðuneytið veitir ofangreinda aðstoð samkvæmt 1. og 3. tl., en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt 2. tl. í samræmi við 36. gr. þessara laga.

20. gr.

Svæðisstjórn skal jafnan leggja áherslu á að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar og atvinnuleitar hins vegar.

VI. KAFLI

Húsnæðis- og atvinnumál.

21. gr.

Svæðisstjórnir skulu fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra og gera tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

22. gr.

Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

Atvinnuleitin skal starfa í nánnum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með því að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða. Jafnframt kanna þær hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi.

Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkvæmt lögum nr. 52/1956, skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

23. gr.

Á hverjum vinnustað skal ætla fötluðum að minnsta kosti tuttugasta hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnanda fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þyki að finna megi störf við hæfi.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag, sem fullt starf hefur í för með sér.

24. gr.

Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisstjórnar bersýnilega gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

VII. KAFLI

Kynning á málefnum fatlaðra.

25. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal beita sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Fötluðum sé reglulega með útgáfu bæklinga o. fl. kynnt réttindi sín. Í námsskrá grunnskóla verði námsefni, sem felur í sér umfjöllun um málefni fatlaðra og stöðu þeirra í samfélaginu. Nemendum grunnskóla skal gefinn kostur á kennslu í táknmáli heyrnleysingja samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Að ákvörðun menntamálaráðuneytisins skal tileinka einn dag á ári kynningu fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins.

VIII. KAFLI

Rekstur og kostnaður.

26. gr.

Ríkið kemur á fót stofnunum skv. 2.—13. tl. 7. gr.

Sveitarfélög útvega rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn skv. 1. tl. 7. gr. og koma á fót sérdeildum og fer um þann stofnkostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

Ríkissjóður greiðir að fullu stofnkostnað samkvæmt 7. gr., 5., 6., 7., 8., 12. og 13. tl. Ríkissjóður greiðir 85% og sveitarfélög 15% stofnkostnaðar samkvæmt 2., 3., 4., 9., 10. og 11. tl. 7. gr.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr.

Kostnaður samkvæmt 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

Ef félög koma á fót stofnunum samkvæmt 7. gr., 3.—10. tl. og 12.—13. tl., er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Stjórnarnefnd er heimilt að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Jafnframt er heimilt að veit fé úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum.

28. gr.

Kostnaður vegna reksturs samkvæmt 1. tl. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé, skv. 7. gr. 3., 4., 11. og 13. tl., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóður 15%.

Um kostnað vegna reksturs skv. 2. og 12 tl. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva.

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða hann af rekstursfé viðkomandi stofnana.

Ráðherra er heimilt að jafna greiðslum niður á sveitarfélögin og innheimta þeirra hlut í samræmi við fjöld íbúa 16 ára og eldri.

29. gr.

Ef sjálfstæð starfsemi, sem notið hefur styrks til stofnkostnaðar samkvæmt þessum lögum, er lögð niður, er styrkurinn endurkræfur á nafnverði ásamt víxilvöxtum á hverjum tíma.

30. gr.

Kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

Setja skal reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningarstöð ríkisins í samræmi við lög um almannatryggingar.

31. gr.

Kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

32. gr.

Kostnaður vegna starfa fulltrúa í svæðisstjórn greiðist úr ríkissjóði.

33. gr.

Greiddur skal eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra í sjálfseignarstofnunum samkvæmt 7. gr.

Daggjöld stofnana, sem ekki eru ákveðin með föstum fjárveitingum, skulu ákveðin fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd, í samráði við daggjaldarnefnd samkvæmt almannatryggingalögunum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun.

IX. KAFLI

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

34. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra, og skal hann vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir sem taldar eru í (1. mgr.) 26. og 27. gr. og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu, enda fari um þær í samræmi við lög nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir.

Heimilt er jafnframt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr.

Heimilt er að veita lán og styrk úr Framkvæmdasjóði, sbr. 27. gr.

35. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ríkissjóður skal árlega, næstu 5 ár, leggja sjóðnum til a. m. k. 27 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.
2. Tekjur Erfðafjár sjóðs.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

36. gr.

Stjórnarnefnd sbr. 3. mgr. 3. gr. annast stjórn sjóðsins.

Hlutverk hennar er að rádstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 34. gr. að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsagnar viðkomandi ráðuneytis.

Svæðisstjórnir senda tillögur sínar viðkomandi ráðuneyti, sem síðan sendir þær stjórnarnefnd ásamt umsögn um þær.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum skulu berast stjórnarnefnd eigi síðar en í desember ár hvert.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju svæði og í hverju byggðarlagi.

37. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast daglegan rekstur sjóðsins.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Svæðisstjórnir safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra, skv. lögum þessum, hver á sínu svæði.

Svæðisstjórnir senda þessar upplýsingar til viðkomandi ráðuneytis ásamt framkvæmda-
áætlun til þriggja ára í senn. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd.

Ráðuneytin senda áætlanir til stjórnarnefndar ásamt umsögn um þær. Félags-
málaráðuneytið vinnur síðan starfsáætlanir í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingu
hverju sinni.

39. gr.

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur
um úrbætur, ef í ljós kemur að misbrestur er á því að sú þjónusta sé veitt er lög þessi kveða á
um.

Upplýsingar þar um skulu sendar stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum um úr-
bætur. Stjórnarnefnd skal fylgjast með að unnið sé að úrlausn þeirra ábendinga er fram
koma.

40. gr.

Svæðisstjórnir gera árlega tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við
undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár
hvert.

41. gr.

Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. skulu senda viðkomandi ráðuneyti reikning yfir
reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok febrúar ár hvert.

Sundurliðað kostnaðarálit yfir framkvæmdir, sem úthlutað hefur verið til, skal í árslok
senda stjórnarnefnd.

42. gr.

Sérhverjum er starfar samkvæmt lögum þessum ber að gæta fyllstu þagmælsku um það
sem hann kemst að í starfi sínu.

43. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um
hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna sbr. 5. gr. og um stjórn og
starfsemi Greiningarstöðvar skv. 16. gr.

XI. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1979
um aðstoð við þroskahefta ásamt síðari breytingum, lög nr. 27/1970 um endurhæfingu og 2.
og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær stofnanir fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistöku
laganna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 11. gr. laganna og skal með umsókn fylgja
nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi skal síðan veitt innan árs frá því að umsókn
er lögð fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á 31. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1976 var samþykkt að lýsa því yfir að árið
1981 skyldi vera alþjóðlegt ár fatlaðra. Með þessari samþykkt ákvað þingið að það ár skyldi
helgað þeim markmiðum að bæta hag fatlaðra á hinum ýmsu sviðum, sem nánar greindi í
ályktun þingsins undir kjörorðinu „full þátttaka og jafnrétti“.

Í ályktun allsherjarþingsins var lagt til að sú grundvallarregla ætti að gilda að fyrirbyggjandi aðgerðir, úrbætur á kjörum fatlaðra og félagsleg og starfsleg endurhæfing ættu að verða mikilvægir þættir í félagslegri áætlunargerð í hverju landi og að hinar sérstöku þarfir fatlaðra bæri að virða á öllum stigum efnahagslegrar og félagslegrar áætlunargerðar. Af þeim sökum var talið að alþjóðaár fatlaðra gæti gegnt mikilsverðu hlutverki sem hvati á ríkisstjórnir til að gefa nægilegan gaum að bættum kjörum þessa þjóðfélagshóps og virkjuðu hann í félagslegri og efnahagslegri þróun landa sinna. Ennfremur var lagt til að athyglinni yrði beint að hinum sérstöku vandamálum sem ýmsir einstaklingar eiga við að stríða til að tryggja þeim öllum viðeigandi meðferð án þess þó að það leiddi til einangrunar viðkomandi.

Ályktun Sameinuðu þjóðanna fól einnig í sér tillögur um aðgerðir í einstökum ríkjum þar sem ríkisstjórnir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna voru hvattar til að hefja, í tilefni af ári fatlaðra, ákveðnar aðgerðir sem stuðlað gætu að því að ná þeim markmiðum sem sett voru, þ. e. að fatlaðir nytu fullkomins jafnréttis og þátttökumöguleika á við aðra þegna þjóðfélagsins. Meðal þeirra aðgerða sem lagðar voru til var að endurskoðuð yrði gildandi löggjöf er snertir málefni fatlaðra og gerðar tillögur um ný ákvæði varðandi þá, sérstaklega þau sem fjalla um vernd grundvallarréttinda fatlaðra, t. d. menntun, endurhæfingu, atvinnu og framkvæmd á markmiðum alþjóðaársins.

Í samræmi við þessa samþykkt Sameinuðu þjóðanna skipaði þáverandi félagsmálaráðherra Magnús H. Magnússon þriggja manna nefnd til að annast kynningu málefna fatlaðra í tilefni af alþjóðaárinu og hafa forgöngu um undirbúning og skipulagningu framkvæmda hér á landi í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Nefnd þessi var skipuð 30. október 1979. Nefndin hlaut nafnið Alfaneftnd sem skammstöfun fyrir Alþjóðaár fatlaðra og var hún skipuð Árna Gunnarssyni alþingismanni, Ólöfu Ríkarðsdóttur, fulltrúa, sem tilnefnd var af endurhæfingarráði og Sigríði Ingimarsdóttur, húsfrú, sem tilnefnd var af Öryrkjabandalagi Íslands.

Undirbúningsnefnd þessi var síðan endurskipulögð í september 1980 og skipuð sérstök framkvæmdaneftnd. Alfaneftndin hefur síðan verið skipuð eftirtöldum einstaklingum: Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Ásgeir B. Ellertsson, yfirlæknir, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Magnús Magnússon, sérkennslufulltrúi, tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, Alexander Stefánsson, alþingismaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, til vara Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur, ritstjóri Sveitarstjórnarmála, Ólöf Ríkarðsdóttir, fulltrúi, tilnefnd af endurhæfingarráði, Sigríður Ingimarsdóttir, húsfrú, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands, Friðrik Sigurðsson, þroskajálfi, tilnefndur af Landssamtökunum þroskahjálp, og Theodór A. Jónsson, forstöðumaður, tilnefndur af Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra. Ritari nefndarinnar var skipaður Þórður Ingvi Guðmundsson, stjórn málafræðingur, fulltrúi í félagsmálaráðuneytinu. Fyrstu mánuðina vann nefndin við ákaflega erfið starfskilyrði þar sem sviptingartímar voru í íslenskum stjórnámálum, kosningar, löng stjórnarkreppa og óafgreidd fjárlög. T. d. var nefndinni ekki tryggð nein fjárveiting í því fjárlagafrumvarpi sem lagt var fyrir þingið haustið 1979, sem gerði það að verkum að hún gat ekki ráðið sér ritara til að annast framkvæmdir á ákvörðunum hennar. Það var ekki fyrr en með myndun núverandi ríkisstjórnar í febrúarbyrjun 1980 að málefni Alfaneftndarinnar komust í fastara form og var ákveðið í því fjárlagafrumvarpi, sem ríkisstjórnin lét undirbúa að tryggja nefndinni ákveðið fjármagn.

Skömmu eftir að ríkisstjórnin tók við óskaði núverandi félagsmálaráðherra eftir því að eitt af helstu forgangsverkefnum nefndarinnar yrði endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum, sem snerti málefni fatlaðra í samræmi við samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Með bréfi dags. 2. maí 1980 fól félagsmálaráðherra Svavar Gestsson þeim Friðgeiri Björnssyni borgardómara og Gunnari Eydal lögfræðingi, skrifstofustjóra Borgarstjórnar Reykjavíkur að gera tillögu um samræmingu gildandi laga og reglugerða er varða fatlað fólk

beint og óbeint og athuga sérstaklega hvort koma mætti lagaákvæðum fyrir í einum lagabálki um málefni fatlaðra. Jafnframt fól ráðherra ritara Alfaneðndarinnar Þórði Ingva Guðmundssyni, stjórn málafræðingi, að vinna að þessu verkefni með lögfræðingunum.

Eitt af þeim fyrstu vandamálum sem þessi nefnd rak sig á var að mjög margar mismunandi skilgreiningar voru til yfir hverjir teldust vera fatlaðir og hverjir ekki auk þess að mörg hugtök voru notuð yfir sama fyrirbærið, t. d. fatlaður, hreyfihamlaður, hreyfiskertur, lamaður, þroskaheftur, öryrki og svo má lengi telja.

Um það leyti sem Alfaneðndin var að koma skipulagi á fyrirhuguð verkefni sín tók til starfa ný deild í félagsmálaráðuneytinu skv. lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Ráðinn hafði verið deildarstjóri að þessari deild Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, en deild þessi hlaut nafnið deild um málefni þroskaheftra og öryrkja. Í samráði við Alfaneðndina, deild ráðuneytisins, sérfræðinga á sviði málefna fatlaðra var ákveðið að stefna að því að nota eitt eildarhugtak yfir þá sem eiga við líkamlega og/eða andlega skerðingu að stríða, þ. e. hugtakið fatlaður, enda hafði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) nýlega gefið út upplýsingar þar sem fötlun var skilgreind á nýjan leik og jafnframt mælt með því að hugtakið fatlaður yrði látið ná yfir hina mismunandi hópa andlega og líkamlega skertra einstaklinga. Þetta er einnig í samræmi við ákvarðanir sem teknar hafa verið í ýmsum nágrannalöndum okkar auk þess að alþjóðaár fatlaðra er tileinkað öllum hópum fatlaðra án tillits til hver fötlunin er skv. ákvörðun Sameinuðu þjóðanna.

Við samningu frumvarpsins hefur verið unnið í nánú samráði við Alfaneðndina. Þá hefur verið haft samráð við heildarsamtök fatlaðra í landinu Sjálfsbjörgu, landssamband fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands svo og endurhæfingarráð. Þetta samráð hefur verið með þeim hætti að stjórnir þessara samtaka hafa fengið óformlega eða formlega til umfjöllunar frumvarpsdrög á hinum ýmsu stigum svo og hafa einstakir stjórnarmenn í þessum samtökum og stofnunum setið fundi með endurskoðunarnefndinni. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Ráðningastofu Reykjavíkurborgar, Sálfræðingafélagi Íslands að ósk viðkomandi og haft samband við framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í desember s. l. þegar frumvarpsdrögin höfðu tekið á sig nokkuð heillega mynd voru þau send formlega eftirtöldum aðilum til umsagnar: Endurhæfingarráði, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum þroskahjálp, Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra, Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Alfaneðndinni og framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í febrúar s. l. óskuðu Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Landssamtökin þroskahjálp eftir því við félagsmálaráðherra að fulltrúar þessara aðila tækju beinan þátt í lokavinnslu frumvarpsdraganna um málefni fatlaðra. Ráðherra varð við þessari beiðni og var jafnframt ákveðið að bjóða fulltrúa endurhæfingarráðs að taka þátt í þessari vinnu. Síðustu mánuðina hafa því eftirtaldir einstaklingar unnið með endurskoðunarnefndinni: Frá Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra, Sigursveinn D. Kristinsson, skólustjóri. Frá Landssamtökunum þroskahjálp, Jón Sævar Alfnsson, skrifstofustjóri. Frá endurhæfingarráði, Haukur Þórðarson, yfirlæknir, formaður ráðsins. Frá Öryrkjabandalagi Íslands, Lárus Helgason, yfirlæknir og síðar Halldór Rafnar, lögfræðingur, formaður Blindrafélagsins, Jóna Sveinsdóttir formaður Öryrkjabandalagsins og Birgir Þormar, lögfræðingur og frá Stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður, Helgi Seljan, alþingismaður og Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá má því segja að við gerð frumvarpsins hafi verið haft fullt samráð og náði við samtök þessa fólks sem hvað ríkistra hagsmuna eiga að gæta varðandi þau mál, sem fjallað er um í frumvarpinu.

Helstu lög er snerta málefni fatlaðra.

Eins og fram kemur hér að framan var endurskoðunarnefndinni falið að endurskoða gildandi lög og reglugerðir og að athuga hvort koma mætti þessum lögum fyrir í einum lagabálki og þar með einfalda og samræma þau lagaákvæði og lög sem snerta beint og óbeint málefni fatlaðra. Í gildi í dag eru á annan tug laga og reglugerða sem snerta málefni fatlaðra sérstaklega. Þau helstu eru:

1. Lög um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952 ásamt reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnnum og sýslunefndum sé heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum, auk þess að starfrækja má heimilishjálp handa öldruðu fólki eftir því sem er ákveðið nánar í reglugerðinni. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

2. Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að fé því sem rennur í erfðafjárjóð sé varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja ekki fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði stofnunarinnar. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

3. Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Í þessum lögum er kveðið á um að í hverjum kaupstað og kaптúnum með 300 íbúa eða fleiri skuli starfrækt vinnumiðlun. Samkvæmt 3. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

4. Lög um heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs nema þau hafi lokið námi þar fyrir, eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Í lögunum eru ákvæði þess efnis að læknum sé skylt að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um að barn innan sjö ára aldurs hafi svo litla heyrn að lítil líkindi séu til þess að það læri málið eða það missi málið vegna heyrnarleysis.

5. Lög um endurhæfingu nr. 27/1970.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo það geti sem best séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum sem nauðsynlegar eru með þeim hætti sem nánar er greint frá í lögunum.

Samkvæmt þessum lögum skipar félagsmálaráðherra sjö menn í endurhæfingarráð og eiga eftirtaldir aðilar einn fulltrúa hver: Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Læknafélag Íslands og menntamálaráðuneytið. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal sá vera formaður ráðsins. Allur kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurhæfingarráð hefur það hlutverk m. a. að semja áætlun um þörf endur-

hæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni, að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðum fyrir öryrkja, að vinna að því að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust, að útvega þeim er þarfnast endurhæfingar og þjálfunar rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni. Þá stundar ráðið upplýsingastarfsemi og hvetur þá sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar sem við á svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi. Þá á ráðið að vera stjórnvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um hvernig almenn endurhæfing og svo endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lögin taka sérstaklega til verði sem best samræmd í framkvæmd.

Lögin um endurhæfingu fjalla m. a. um endurhæfingarstöðvar. Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita úr erfðafjárjóni, eftir því sem fé er fyrir hendi, svo sem hér segir:

A. Styrk sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

B. Lán sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Lögin kveða á um það að til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja sé heimilt að veita styrki á eftirfarandi hátt:

A. Styrkur úr erfðafjárjóni sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.

B. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára sem nemur allt að 40% kostnaðar.

Þess skal getið hér að samkv. 19. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, kemur fram að veita skal á heilsugæslustöðvum eða í tengslum við þær, sérfræðilega lækniþjónustu, s. s. endurhæfingu. Hlýtur það að verða stefnan í framtíðinni að tengja þetta sem mest. Segja má að yfirstjórn þessara mála sé allt of skipt hvað þetta snertir, þar sem félagsmálaráðuneytið fer með endurhæfingu en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið með heilsugæslu almennt.

Samkvæmt endurhæfingarlögum er heimilt að veita fé úr erfðafjárjóni til að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, sbr. einnig lög nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts.

Þeir sem njóta eiga endurhæfingar skv. lögnum eru þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annað hvort a) geta ekki séð sér farborða vegna varanlega skertrar starfshæfni, eða b) er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps. Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni, skal ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsókuð er andleg og líkamleg hæfni hans. Skv. lögnum skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun starfs.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar skv. lögnum, eiga kost á aðstoð á eftirfarandi hátt:

A. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra má ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan endurhæfing fer fram.

B. Styrk eða lán til verkfæra og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkvæmt A-lið þessarar greinar eru greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt B-lið.

Í 16. gr. laganna um endurhæfingu er ákvæði þess efnis að þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögnum, skuli fá aðstoð til þess að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífnum með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða og vinna að því, að fatlaðir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir sem notið hafa endurhæfingar skulu að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

6. Lög um almannatryggingar nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum.

Í almannatryggingalögum eru fjölmörg atriði sem snerta réttindi og aðstoð við fatlað fólk. Þau eru helst:

a) *Örorkumat.*

Allar greiðslur vegna örorku eru ákveðnar eftir örorkumati sem tryggingayfirlæknir annast. Ef örorka dæmist 75% eða meira á umsækjandi rétt á örorkulífeyri. Sé örorka metin 50—74% er heimilt að greiða örorkustyrk og er hann ákveðinn hundraðshluti af örorkulífeyri metinn í hverju einstöku tilfalli eftir efnahag og félagslegum aðstæðum umsækjenda. Örorkustyrk má veita þeim sem stundar fullt starf en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Þó er sett ákveðið tekjumark eða viðmiðunartekjur. Dæmist örorka undir 50% eru ekki greiddar örorkubætur, ef um almennt mat er að ræða vegna sjúkdómsins. Aftur á móti ef orsök fötlunarinnar er að rekja til vinnuslyss, íþróttaslyss eða slyss á öikumanni bifreiðar fær viðkomandi bætur hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunarinnar. Þegar bótaskyld slyss veldur varanlegri örorku er örorka að jafnaði ekki metin fyrr en ár er liðið frá því slysið átti sér stað. Þetta getur því verið breytilegt og fer eftir eðli slyssins og afleiðingum þess. Þegar örorkumat vegna bótaskylds slyss er unnið eru greiddir dagpeningar í mörgum tilfellum.

b) *Örorkulífeyrir.*

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem í fyrsta lagi eiga lögheimili á Íslandi og eru á aldrinum 16—67 ára og í öðru lagi eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn $\frac{1}{4}$ þess sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við þau störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu.

c) *Tekjutrygging.*

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr ákveðinni upphæð á ári skal hann fá óskerta tekjutryggingu. Hafi bótaþeginn hins vegar meiri tekjur skerðist tekjutryggingin um 55% þeirra tekna sem umfram eru.

d) *Heimilisuppbót.*

Einhleypir örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og eru einir um heimilisrekstur fá greidda heimilisuppbót og skerðist hún í sama hlutfalli og tekjutryggingin.

e) *Bifreiðastyrkur.*

Hægt er að greiða uppbót vegna reksturs bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar. Umsókn skal berast á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Lýsing á fötlun umsækjanda berist tryggingayfirlækni ef slíkar læknisfræðilegar upplýsingar liggja ekki fyrir í Tryggingastofnuninni.

f) *Makabætur.*

Greiða má maka örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi t. d. ef hann getur ekki stundað atvinnu vegna sjúkleika maka í heimahúsi.

g) *Barnalífeyrir.*

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ef annað foreldrið er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

h) Sjúkrahúsvist.

Hafi örorkulífeyrisþegi dvalist í sjúkrastofnun eða annarri stofnun lengur en fjóra mánuði alls á undanförunum 24 mánuðum fellur lífeyrir hans niður 5. mánuðinn. Þó er alltaf greiddur útskriftarmánuðurinn. Heimilt er þó Tryggingastofnun að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á.

i) Barnaörorka.

Sérstakan styrk er heimilt að greiða vegna bæklaðs eða vanþroska barns frá 1—16 ára aldurs sem hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Um örorkumöt vegna bæklunar eða vanþroska barns á aldrinum 1—15 ára gilda aðrar reglur en við örorkumöt lífeyrstrygginga. Þegar um örorkumat vegna barns er að ræða er einkum lagt til grundvallar matinu sú aukna umönnun og sá aukni kostnaður sem sjúkdómur barnsins (fötun barnsins) veldur. Örorkustig eru þrjú, það er styrkur 1, en bætur þess nema 25% af lífeyri, styrkur 2 nemur 50% lífeyris og styrkur 3 nemur 75% lífeyris.

i) Ýmiss konar afsláttur fyrir fatlaða sem eru örorkulífeyrisþegar (hafa 75% örorkumat eða meira).

1. 50% afsláttur á lyfjum, sérfræðilæknishjálp, rannsóknnum og röntgengreiningu.
2. Endurgreiðsla á tannviðgerðum:
 - a) 50% endurgreitt. Sjúkrasamslag greiði örorkulífeyrisþega án tekjutrygginga helming af kostnaði vegna tannviðgerða.
 - b) 75% endurgreitt. Sjúkrasamslag greiði örorkulífeyrisþega sem nýtur einhverra tekjutrygginga 75% af kostnaði vegna tannviðgerða.
 - c) 100% endurgreitt.
 - 1) Langlegusjúkir. Sjúkrasamslag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst langsjúkur kostnað vegna tannviðgerða að fullu.
 - 2) Vangefnir. Sjúkrasamslag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst vangefinn og nýtur fullrar tekjutryggingar kostnað vegna tannviðgerða að fullu.

j) Örorkubætur.

Ef hinn slasaði reynist að lokinni meðhöndlun bera varanleg mein skal örorka hans metin hjá tryggingayfirlækni. Reynist hún minni en 15% er slysatryggingadeild ekki bótaskyld. Ef örorka mælist á bilinu 15—49% er heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur. Ef örorka er metin 50% fær hinn slasaði greidd 50% af fullum örorkulífeyri sem hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við hann bætist uns örorkan nemur 75% en þá greiðist fullur lífeyrir. Sé örorka metin 75% eða þar yfir er greiddur fullur örorkulífeyrir. Nýtur bótaþegi þá allra þeirra réttinda sem örorkulífeyri fylgir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum hins slasaða ef örorka hans er metin meira en 50%. Sé örorkan metin 75% skal greiða fullan barnalífeyri en sé örorkutapið minna lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

7. Lög um grunnskóla nr. 63/1974. Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.

Samkvæmt 2. gr. laga um grunnskóla er hlutverk grunnskólans í samvinnu við heimili að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Grunnskóli skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Eins og hér kemur fram er í orði kveðnu allvel búið að menntun og málum fatlaðra á

grunnskólastigi. Áhersla er lögð á það að allir eigi kost á og fái innan grunnskólans þá kennslu sem unnt er að veita þar. Nú er það hins vegar vitað mál að erfitt er í þjóðfélagi sem þessu að búa svo um hnútana að allir geti undantekningarlaust fengið menntun sína í grunnskóla og á það ekki síst við um fatlaða enda gera lögin ráð fyrir því sbr. 50. gr. laganna:

„Börn sem talin eru vika svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla nema til komi sérkennsla í sérstofnunum samkv. 52. gr. Kennsla fer fram eftir því sem henta þykir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og framfærsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum kennslustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.“

Ætlast er til að hinir almennu skólar reyni eftir fremsta megni að haga störfum sínum í samræmi við ofangreint að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Varðandi þessa aðstoð bæði í skólunum sjálfum og eins utan þeirra og um tilhögun slíkrar aðstoðar er kveðið nánar í 67. gr. grunnskólalaga. Þar kemur m. a. fram að hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu sé að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi. Ennfremur að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennsluuppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakadír eru samkvæmt þessu. Ennfremur að taka til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.

Þar sem ekki er starfrækt ráðgjafar- og sálfræðipjónusta hvílir ákvörðun um sérkennslu innan grunnskólans á herðum skólastjóra og kennara. Sé um alvarleg tilfelli að ræða ber samkvæmt lögum ætíð að kalla eftir sérfræðingum þegar taka þarf ákvarðanir. Valdið í sjálfu sér liggur hjá foreldrum og öll hjálp og aðstoð á þessu sviði á lögum samkvæmt að vera boðin fram af framangreindum aðilum.

Sú aðstoð sem veitt er innan grunnskólanna fer á margan hátt eftir tegund vandans og má dæmi nefna talkennslu, stuðningskennslu í deildum, deildum fyrir fjölfatlaða, deildum fyrir hreyfihamlaða, deildum fyrir heyrnarskerta, deildum fyrir málhamlaða, deildum fyrir blinda, deildum fyrir atferlistruflaða, sérdeildum fyrir nemendur með mikla námsörðugleika o. s. frv. Slíkum nemendum er áætlað nám í samræmi við eðli fötlunar. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu og reglugerð nr. 213/1975 um skólakostnað taka af skarið hvað þetta snertir.

Samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga er gert ráð fyrir að þeim börnum sem svo er ástatt um skuli séð fyrir kennslu í sérstofnun. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggja fyrir álit sálfræðipjónustu um að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur. Samkvæmt lögnum ber menntamálaráðuneytinu að hafa forgöngu um að slíkar sérstofnanir verði reistar auk þess sem það lætur gera heildaráætlanir um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga um grunnskóla en lögini voru samþykkt 25. maí 1974 og öðluðust gildi þegar í stað. Samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 er þó heimilt samkv. 24. gr. þeirra laga að veita fé úr framkvæmda-sjóði þroskaheftra og öryrkja við fjármögnun framkvæmda ríkisins vegna sérkennslu sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum sem um getur í lögnum um endurhæfingu nr. 27/1970. Þá er einnig heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo og rekstrarkostnaður þar með talin daggjöld nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða börn sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjakennslu, jafnframt börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum, og börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á hans vegum. Telji sálfræðipjónusta, sem hlut á að máli að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, þá skal séð fyrir kennslu í sérstofnun samkvæmt því sem segir hér fyrir um þá aðila, sem þangað eiga að fara.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. 52. gr. og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu er sett með stoð í þessu ákvæði. Hún gerir ráð fyrir slíkri þjónustu fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

8. Lög um tollskrá nr. 120/1976 ásamt síðari breytingum.

Í þessum lögum eru ákvæði sem heimila fjármálaráðherra að fella niður gjöld af ákveðnum fjölda bifreiða árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Fjármálaráðherra skipar 5 manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af bifreiðunum. Skulu 4 nefndarmenn vera lækna og skipaðir skv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Ennfremur skv. þessum lögum er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess skv. læknisvottorði og henta ekki öðru folki.

9. Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Fyrir utan hin almennu ákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu sem snerta fatlaða sem og ófatlaða þá eru í 19. gr. laganna ákvæði sem snerta beint fatlað fólk. Í 19. gr. 1. tl. laganna segir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við á þar með sérfræðileg lækniþjónusta, tannlækningar og endurhæfing. Hér er skýrt kveðið á um að á heilsugæslustöðvum skuli fara fram endurhæfing og koma heilsugæslustöðvar til með að gegna mikilvægu hlutverki í þessum efnunum í framtíðinni.

10. Byggingarlög nr. 54/1978 ásamt byggingarreglugerð nr. 292/1979

Í 4. gr. byggingarlaga er ákvæði þess efnis að í byggingarreglugerð skuli setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu folki að komast leiðar sinnar. Í byggingarreglugerðinni voru síðan sett fjölmörg ákvæði til þess að uppfylla þetta lagaákvæði. Þar er t. d. ákvæði þess efnis að hverju húsi sem ætlað er til verslunar eða annars atvinnureksturs skal að jafnaði séð fyrir a. m. k. einu bifreiðastæði á hverja 25 gólfplatarmetra í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða og aldrei færri en eitt stæði. Ef um samkomuhús er að ræða s. s. kvikmyndahús, leikhús, félagsheimili og önnur slík hús skal a. m. k. séð fyrir einu bifreiðastæði fyrir hver sex sæti í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða þó aldrei færri en eitt. Þá skal við opinberar byggingar, þjónustumiðstöðvar og fjölbýlishús með fjórum íbúðum eða fleirum jafnan gert ráð fyrir a. m. k. einu sérstaklega merktu rúmgóðu bifreiðastæði sem næst inngangi fyrir hreyfihamlaða.

Í fjölbýlishúsum þar sem aðstæður leyfa skal a. m. k. ein íbúð á jarðhæð vera hönnuð þannig að hún henti þörfum fatlaðra. Þá er í reglugerðinni ákvæði sem varðar dyraumbúnað,

aðgengi að húsum, salernisaðstöðu, stærð lyfta og fjölmargt fleira sem sérstaklega er sett til þess að koma til móts við þarfir fatlaðra.

11. Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 og reglugerð fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskahefta og öryrkja nr. 263/1980

Með setningu laganna um aðstoð við þroskahefta á árinu 1979, en löggin tóku gildi 1. janúar 1980, náðist mikill áfangi í áralangri baráttu foreldrafélaga þroskahefta og annarra aðstandenda þessa hóps fatlaðra einstaklinga til að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna. Reynsla síðustu ára og áratuga hafði sýnt að þessi hópur fatlaðra hafði orðið meira útundan við skipulag þjónustu hins opinbera við fatlað fólk en aðrir hópar fatlaðra, enda gátu líkamlega fatlaðir mun betur barist fyrir réttindamálum sínum en þeir sem áttu við andlega fötlun að stríða, auk þess að landlægir fordómar voru í garð þeirra sem við andlega fötlun bjuggu.

Í lögnum er kveðið á um að þroskaheftum skuli tryggt jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna sem er í sjálfu sér ekki nýmæli þar sem líta verður svo á að mannréttindi, þar með talið jafnrétti, sé einn af hornsteinum löggjafarstarfsins. Hvað snertir þroskahefta sérstaklega er hins vegar um nýmæli að ræða. Þá er í lögnum skilgreint hugtakið þroskaheftur. Það táknað hvern þann sem þannig er ástatt um að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um yfirstjórn málefna þroskahefta og um skýra verkaskiptingu milli þeirra þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, sem með þessi málefni fara og samvinnu þeirra innan sérstakrar stjórnarnefndar. Landinu er skipt niður í átta starfssvæði að því er málefni þroskahefta varðar. Þar er gert ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnnum sem er ætlað það hlutverk að fara með þessi málefni í héraði og er þannig ætlunin að færa frumkvæði þessara mála sem mest yfir í héruðin og jafnframt að þar fari fram sem fjölþættust þjónusta. Gert er ráð fyrir að á hverju svæði skuli eftirfarandi þjónusta vera veitt: Frumgreining, sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, þroskaþjálfun, talkennsla, félagsráðgjöf, leiktækjaþjónusta og sálfræðiþjónusta.

Í öðrum kafla laganna er fjallað um tilkynningarskyldu og er lögfest viss tilkynningarskylda þannig að þeim aðilum sem annast mædraskoðanir, heilsufarsskoðanir og því um líkt sé gert skylt að fylgjast vel með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra sem þeir skoða og tilkynna foreldrum og svæðisstjórnnum ef um er að ræða grun um þroskaheftingu. Sett er á fót sérstök aðalgreiningarstöð, Greiningarstöð ríkisins, og er henni fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir á og greiningu á þroskaheftum ásamt öðrum störfum. Greiningarstöð ríkisins hefur nú verið úthlutað lóð í Reykjavík og er unnið við að teikna stöðina en útboð munu hefjast á árinu 1982. Í 4. kafla laganna er fjallað um þær stofnanir sem skulu annast þjónustu við þroskahefta. Hins vegar eru skýr ákvæði um það að búið skuli þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu og er það í samræmi við ríkjandi stefnu að þroskaheftum og öðrum fötluðum einstaklingum verði sem mest komið út á almennar stofnanir og þar með í sem mest tengsl við aðra þjóðfélagsþegna en ekki „lokaðir inni“ í sérstökum stofnunum. Þær stofnanir sem sérstaklega eru settar á fót fyrir þroskahefta eru skv. lögnum þessar: Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, göngudeildir, skammtíma fósturheimili, leikfangasöfn, skóladagheimili, sambyli, afþreyingarheimili, hjúkrunarheimili, verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimili.

Í lögnum eru sérstök ákvæði sem tryggja eiga það að þeir aðilar sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis fái slíka kennslu ókeypis og þjálfun sem metin yrði við þeirra hæfi. Hér er um að ræða ákvæði til þess að tryggja það að þroskaheftir sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirra almennu þjónustu sem fyrir hendi er skv. lögum verði ekki útundan. Þá eru ákvæði um að framfærendur þroskahefts einstaklings sem eingöngu dvelur í heimahúsum og

þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, að höfðu samráði við Greiningarstöð ríkisins eigi rétt á aðstoð. Viðkomandi sveitarfélög sjá um að þessi aðstoð verði veitt en kostnaður við aðstoðina er greiddur úr ríkissjóði. Ennfremur er framfærendum heimilt kjósi þeir það sjálfir og þeir séu til þess hæfir að annast hina þroskaheftu einstaklinga og er þá heimilt að veita þeim aðstoð með peningagreiðslum sem nemur hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Milli 30—40 einstaklingar njóta nú aðstoðar skv. þessum ákvæðum laganna (15. gr) og nemur kostnaður á ári nálægt 1.8 millj. kr.

Ríkið skal sjá um skv. lögnum að koma á fót stofnunum fyrir þroskahefta, öðrum en deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum, svo og heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimilum. Sveitarfélögin sjá um að koma upp deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum. Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á stofnunum fyrir þroskahefta og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Af kostnaði vegna reksturs allra stofnana fyrir þroskahefta annarra en heimila sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóður 15%. Kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkisstjóði svo og kostnaður vegna starfa stjórnarnefnda. Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra í svæðisstjórnunum greiðist af viðkomandi stjórnvöldum en kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarstjórna greiðist af viðkomandi sveitarfélögum í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtakanna greiðist hins vegar úr ríkissjóði.

Með lögnum um aðstoð við þroskahefta er stofnaður sérstakur sjóður, Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir við stofnanir fyrir þroskahefta aðrar en deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila. Þá hefur sjóðurinn það hlutverk að fjármagna aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum sem um getur í lögnum nr. 27/1970 um endurhæfingu.

Tekjur sjóðsins eru þær að ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til 10 millj. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var framlag ríkissjóðs til sjóðsins 20 100 000 kr. Hins vegar var veitt til framkvæmdar á lögnum við aðstoð við þroskahefta á árinu 1981 3 693 970 kr. Auk framlags ríkissjóðs eru tekjur sjóðsins frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla, auk vaxtatekna.

Stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála og leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu sem ríki eða sveitarfélögum ber sannanlega ekki að greiða.

Þó svo að skammur tími sé liðinn frá því að lögin tóku gildi 1. janúar 1980 er framkvæmd þeirra kominn á góðan rekspól. Svæðisstjórnir hafa allar verið skipaðar og hafa þær tekið til starfa og eru sumar þegar búnar að ráða sér sérstaka framkvæmdastjóra og jafnvel sérfræðinga á sviði málefna fatlaðra. Gerðar hafa verið kannanir á nokkrum svæðum til þess að kanna þörfina fyrir stofnanir af því tagi sem lögin gera ráð fyrir að settar verði á fót auk þess að kanna almennt ástand mála er snýr að þroskaheftum og öryrkjum á hverju svæði fyrir sig. Nokkrar stofnanir hafa risið og tekið til starfa í samræmi við lögin og fleiri eru í undirbúningi. Það er því hægt að fullyrða að lögin hafa gjörbreytt því ástandi sem var áður en lögin voru sett hvað varðar almenna þjónustu opinberra aðila við þennan þjóðfélagshóp sem löngum hefur verið talinn svo til útundan miðað við aðra hópa þjóðfélagsins sem njóta þjónustu og aðstoðar opinberra aðila.

Í samræmi við lög in um aðstoð við þroskahefta hafa nú þegar verið settar tvær reglugerðir sem kveða á um framkvæmd einstakra atriða laganna. Reglugerð nr. 263/1980 fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja var sett í maí 1980. Í reglugerðinni er kveðið á um stofnun og skipan svæðisstjórna, nánar um hlutverk þeirra og starfshætti. Þá hefur verið sett sérstök reglugerð fyrir svæðisstjórnir þeim til leiðbeiningar um ákvörðun um greiðslur framfærslustyrks til þroskaheftra einstaklinga sem dvelja eingöngu í heimahúsum skv. 15. gr. laganna.

Reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Í reglugerð þessari er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins skuli eftir óskum öryrkja en í samráði við endurhæfingarráð og öryrkjasamtök ráða örorkulífeyrisþega til vinnu hjá einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum öðrum en vernduðum vinnustöðum. Að undan­gengnum ráðningarsamningi skal að jafnaði fara að minnsta kosti 4 vikna reynslutími nema að atvinnurekandi sé reiðubúinn að gera 3 ára samning á reynslutíma. Upphaf reynslutíma sé staðfest bréflaga af öryrkja og atvinnurekanda á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Á reynslutímanum falla örorkubætur til öryrkjans ekki niður enda þótt Tryggingastofnunin taki þátt í launagreiðslu þann tíma. Fylgi sérstakur kostnaður reynslutímanum t. d. vegna náms­skeiðs þá má greiða uppbót á lífeyri öryrkjans með hliðsjón af venjulegum reglum um uppbætur. Að loknum reynslutíma og að jafnaði innan þriggja mánaða skal gengið frá vinnusamningi sem undirritaður skal af vinnuveitanda og af deildarstjóra lífeyrisdeildar fyrir hönd Tryggingastofnunar ríkisins. Vinnusamningur skal gerður til þriggja ára og í honum tekið fram að Tryggingastofnun endurgreiðir vinnuveitanda 75% af fastakaupi öryrkjans fyrsta árið, 50% annað árið en 25% hið þriðja. Verði um vaktaálag, bónusgreiðslur eða yfirvinnu að ræða tekur Tryggingastofnun ekki þátt í henni, nema í sérstökum undantekn­ingartilfellum, sem metin eru af deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar.

13. Lög nr. 47/1981 um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Þessi lög sem samþykkt voru á síðasta Alþingi fela það í sér að kostnaður við að gera breytingar á byggingum heilbrigðisstofnana, grunnskólum, dagvistarstofnunum, félags­heimilum og íþróttahúsnæði með það fyrir augum að gera þær aðgengilegar fötludu fólki, greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða. Tilgangur laga þessara er að koma til móts við sívaxandi kröfur samtaka fatlaðra um það að gert verði átak til þess að breyta opinberum byggingum í þágu fatlaðra með það fyrir augum að auðvelda aðgengi þeirra og umgang um byggingarnar.

Eins og sjá má af þessari upptalningu hér á þeim lögum og reglugerðum, sem í gildi eru og snerta beint eða óbeint málefni fatlaðra, þá eru það einungis tvenn lög, sem fela í sér viðtæka skipulagningu á opinberri þjónustu við fatlaða, þ. e. lög in um endurhæfingu frá 1970 og lög in um aðstoð við þroskahefta frá 1979. Önnur lög og aðrar reglugerðir, sem hér hafa verið nefndar, snerta málefni fatlaðra einungis að litlu leyti og þá í flestum tilfellum sem hluti af annarri löggjöf er tekur til allra þjóðfélagsþegna.

Nýmæli frumvarpsins.

Megin einkenni frumvarps um málefni fatlaðra eru að í fyrsta lagi er steipt saman þremur gildandi lögum, þ. e. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnu­heimila nr. 12/1952 að undanskilinni 1. gr. þeirra laga, lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979, en í samráði við fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðra var þessi leið valin. Í öðru lagi einkennist framvarpið af því að nú er í fyrsta sinn komið á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk án tillits til þess hver

fötlunin er. Þar með er lagt til að fatlað fólk verði sett undir einn hatt þar sem markmiðið er að stuðla að jafnrétti og fullkominni þátttöku fatlaðra í daglegu lífi.

Þegar vinna hófst við samningu þessa frumvarps var kannað hvort tiltækt væri og æskilegt að steypa saman í eina heild þeirri löggjöf sem fjallar beint eða óbeint um málefni fatlaðra. Niðurstaðan varð sú að slík lagasmíð yrði í flestu sundurlaus og auk þess væri í mörgum tilvikum óæskilegt að taka út úr almennri löggjöf ákvæði sem sérstaklega snertir fatlaða og setja saman í einn lagabálk. Segja má að hér sé komið að þýðingarmiklu grundvallaratriði í málefnum fatlaðra og reyndar jafnréttismálum í heild. Sú stefna hefur rutt sér til rúms víða um heim á síðustu tímum að æskileg þróun í málefnum þeirra sem á einhvern hátt þurfa sérstakt liðsinni til þess að ná jafnstöðu við meirihluta þjóðfélagsþegnanna og að þeir yrðu í öllum aðalatriðum samstiga þeim, sem þessa liðsinnis þurfa ekki við, væri að þessa hópa ætti ekki að skilja frá þjóðfélagsheildinni ef mögulegt væri að komast hjá því, heldur koma málum þannig fyrir að þeir yrðu eðlilegur hluti hennar á öllum sviðum. Hefur þetta verið nefnt „integrering“ eða samskipunarstefna. Þetta er æskilegt og þýðingarmikið markmið, sem ber að ná sem allra fyrst. Hins vegar eru blákaldar staðreyndir þessa máls þær að þessu markmiði verður tæpast náð nema með því að grípa til sérstakra aðgerða til þess að flýta því að jafnstöðunni verði náð. Telja verður að það réttlæti með ýmsum hætti að bregða á það ráð að setja sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir það fólk sem ekki nýtur fullrar jafnstöðu við aðra þjóðfélagsþegna.

Í Danmörku og Svíþjóð var fyrir nokkurum árum sett sérstök félagsmálalöggjöf, í Danmörku „bistandsloven“ og í Svíþjóð „social tjenesteloven“ þar sem í einum lagabálk er steypst saman öllum ákvæðum félagslegrar aðstoðar og þjónustu hins opinbera við alla þjóðfélagsþegna alveg án tillits til þess hvort þeir eru fatlaðir, ófatlaðir, ungir eða gamlir. Í báðum þessum löndum tók það rúman áratug að setja þessi lög en síðan löggin hafa verið sett hefur framkvæmd þeirra reynst með mismunandi móti og hafa komið upp raddir, sem hafa gagnrýnt það að löggin ýti undir að einungis þeir, sem eru betur í stakk búnir til að ná réttindum sínum njóti frekar aðstoðarinnar en þeir sem t. d. búa við andlega eða líkamlega erfiðleika. Þá hefur það einnig verið gagnrýnt í þessum lögum að slík allsherjarskipulagning félagslegrar þjónustu í einum lagabálk bjóði upp á of þunglamalegt og hægfara kerfi, auk þess að oft á tíðum hafi markmiðum löggjafarinnar alls ekki verið náð einmitt vegna þessa, sem hefur það í för með sér að misrétti hefur á mörgum sviðum aukist.

Þegar undirbúningurinn að gerð þessa frumvarps hófst var starfandi nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem hafði það hlutverk að gera tillögur um það hvort hægt væri að semja allsherjar félagsmálalöggjafarfrumvarp. Í upphafi var í ráði að hafa náð samstarf við þessa nefnd þar sem ljóst var að starfsemi hennar og þeirra sem unnu að frumvarpinu til laga um málefni fatlaðra hlyti að skarast í mjög veigamiklum atriðum. Starfið gekk þó ekki sem skyldi í félagsmálalöggjafarnefndinni þar sem ekki náðist nægilegt samkomulag um markmið og leiðir í því starfi.

Þegar löggjöf sem snertir málefni fatlaðra var skoðuð kom strax í ljós að löggin um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 voru einu löggin sem kalla mátti heildstæð, þ. e. a. s. þau ná til margra sviða þar sem talin var þörf á aðstoð og hvernig sú aðstoð skyldi veitt. Þar að auki er í lögunum gert ráð fyrir ákveðnu skipulagi á framkvæmdum ríkisins í þessum efnum svo og tryggja þau aðstandendum þroskaheftra áhrif á ákvörðunartöku um framgang mála. Þótt ekki sé komin ýkja mikil reynsla á framkvæmd laganna þykir þó sýnt að þau horfi í mikla framfaraátt og með þeim hafi mjög jákvætt spor verið stigið. Þegar í upphafi starfsins við gerð þessa frumvarps þótti einbodið að athuga hvort ekki væri hægt að styðjast við þessa löggjöf. Niðurstaðan var sú að það var gert og í grófum dráttum má segja að löggin um aðstoð við þroskahefta hafi verið gerð víðfedmari og þau látin taka til allra fatlaðra. Helstu nýmæli frumvarpsins eru því eftirfarandi:

1. Þó að sú stjórnásluregla hafi lengi verið hér á landi að þeim sem lagasetningin á að þjóna, eða öllu heldur hagsmunasamtökum þeirra, séu tryggð nokkur áhrif á framkvæmd laga og setningu reglugerða í samræmi við lög, enda væru lög oftast ófrmkvæmanleg án þess, þá er mjög sjaldgæft ef þá dæmi þekkjast um það, að slík regla hafi verið formlega lögfest í viðkomandi lögum. Í 1. gr. frumvarpsins er skýrt tekið fram að eitt af markmiðum laganna sé að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín s. s. með því að leita umsagna heildarsamtaka fatlaðra eða þeirra félaga eða styrktarféлага fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni, við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varðar. Hér er lagt til að lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð við töku ákvæðana, sem miða að framkvæmd þessa frumvarps sem hér er, ef það verður að lögum. Ef til vill væri hægt að flytja þau rök gegn lögfestingu ákvæða af þessu tagi að með því væri löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið að ákveðnu leyti að afsala sér rétti og völdum við framkvæmd laganna. Það hlýtur hins vegar að vera bæði í þágu framkvæmdavalds og löggjafarvalds að framkvæmd laga sé með sem bestum og fullkomnustum hætti. Þeir, sem eru njótendur laganna hafa oftast langbestar upplýsingar um hver vandamálin eru, sem þýðir aftur á móti að það hlýtur að vera mikill fengur að því að tengja þá beint við framkvæmd laga sem mestra hagsmuna hafa að gæta að séu framkvæmd á sem bestan hátt. Þátttaka hagsmunasamtaka í framkvæmd laga hlýtur því að vera mun æskilegri leið til að framkvæma viðkomandi lög en að það sé einungis embættismennirnir, sem annist hana alfarið.

2. Gerð er tilraun til þess að skilgreina hugtakið fötlun og gerð tillaga um það að hugtakið fötlun verði notað sem heildarhugtak yfir allar tegundir af andlegri eða líkamlegri skerðingu. Stuðst er í þessari skilgreiningu við skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization) og vísast að öðru leyti til athugasemda um nánari upplýsingar varðandi þetta atriði.

3. Til og með 5. gr. frumvarpsins fjallar um uppbyggingu stjórnunarkerfisins í sambandi við framkvæmd laganna. Í þessu frumvarpi er fylgt því stjórnáslukerfi, sem sett var á fót í samræmi við lög um aðstoð við þroskahefta. Eðlilegt er að stofnaðar verði sérstakar deildir innan félagsmálaráðuneytisins, sem fari með framkvæmd þessara laga, en nú þegar er starfandi deild um málefni þroskaheftra innan félagsmálaráðuneytisins. Nauðsynlegt er að hún útvíkki starfssvið sitt og annist málefni allra fatlaðra í framtíðinni, enda er það í verkahring ráðuneytisins.

Sérstök stjórnarnefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra í umboði ráðuneytisins og er hún skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðuneytin þrjú, sem fara með málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálpar og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn, skv. nánari reglum sem ákveðnar verða með reglugerð í samráði við samtökin.

Þá er landinu skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir og fylgir sú skipting kjördæmaskipuninni í landinu. Á hverju svæði er sett á fót 7 manna svæðisstjórn, sem hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með þessi mál fara á svæðinu. Í hverri svæðisstjórn sitja fræðslustjóri umdæmisins, héraðslæknir og 5 menn sem skipaðir eru af ráðherra. Tveir þeirra eru skipaðir skv. tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, en samtök fatlaðra tilnefna 3 menn á sama hátt og í stjórnarnefnd.

Rétt er að það komi fram að við samningu þessa frumvarps náðist ekki samkomulag milli hagsmunasamtaka fatlaðra sem koma til með að hafa aðild að stjórnarnefnd og svæðisstjórn, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar.

Öryrkjabandalag Íslands gerði í upphafi þá kröfu að það fengi þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir ef þær yrðu skipaðar 7 mönnum. Landssamtökin þroskahjálpar hafa aftur á móti lagt á það megináherslu að um væri að ræða jafna tölu milli samtakanna. Á

tímabili hafði náðst bráðabirgðasamkomulag eftir nokkurra mánaða viðræður um að Öryrkjabandalagið fengi tvo fulltrúa og Landssamtökin þroskahjálp einn. Landssamtökin þroskahjálp gerðu þó þann fyrirvara að fyrirhugað landsþing samtakanna myndi taka endanlega ákvörðun um afstöðu samtakanna. Landsþing þetta var haldið í október 1981 og var þar sú ákvörðun tekin að krefjast jafnrar fulltrúatölu á við Öryrkjabandalagið. Öryrkjabandalagið heldur hins vegar enn fast við kröfu sína um skiptinguna 2:1.

Af þessum sökum er það haft opið í frumvarpinu hvernig þessum þremur fulltrúum hagsmunasamtakanna verður skipt milli þeirra og lagt til að ráðherra setji reglugerð um það eftir að samtökin hafi sjálf komið sér saman um það. Hins vegar er ekki óeðlilegt að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta mál.

Það er orðin viðurkennd skoðun meðal fræðimanna á sviði stjórnsýslu að þau stjórnunarkerfi sem sett eru á fót til að framkvæma tiltekin lög gegna lykilkætti í því hvernig framkvæmdin sjálf tekst til. Á síðustu árum hafa rannsóknir á sviði stjórnsýslu og stjórnunar beinst æ meira inn á þær brautir að kanna með hvaða hætti lög og reglugerðir eru framkvæmd, en áður fyrr beindist athygli stjórnsýslufræðinga fyrst og fremst að innihaldi laga og með hvaða hætti þau voru sett, þ. e. hvaða hagsmunir höfðu þar áhrif á, hvernig ákvarðanir voru teknar og hvernig ákvarðanir yrðu teknar í framtíðinni á grundvelli laganna sjálfra. Margar rannsóknir, t. d. í Norður-Ameríku, hafa leitt í ljós að framkvæmdum á lögum er oft mjög ábótavant og eru til fjölmörg dæmi um það að lögum hafi lítið eða jafnvel ekki verið framfylgt mörgum árum eftir að þau voru sett. Þessar rannsóknir hafa leitt það í ljós að ástæðan fyrir því að lögum hefur verið lítið og illa framfylgt sé fyrst og fremst falin í því stjórnunarmynstri sem sett hefur verið á fót til þess að framfylgja þessum tilteknu lögum. Hefðbundin aðferð við framkvæmd laga hefur verið nefnd í stjórnsýslufræðinni „framvirk“ framkvæmd (forward implimentation). „Framvirk“ framkvæmd felur það í sér að framkvæmd tiltekinna laga sé mjög miðstýrð, þ. e. að framkvæmdin sé fyrst og fremst í höndum embættismanna ráðuneytisins eða ráðuneytanna, sem fara með framkvæmd laganna. Þetta þýðir það að þeir sem annast framkvæmdina eru oft í mjög mikilli fjarlægð frá þeim, sem eiga að njóta góðs af framkvæmdinni, auk þess að upplýsingar og sérfræðipækking þarf að berast langa leið frá þeim, sem njóta framkvæmdarinnar gegnum stjórnunarferilinn upp til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan sín boð ganga til baka niður í gegnum stjórnunarferilinn niður til þeirra sem njóta góðs af framkvæmdinni. Þetta hefur í för með sér ákaflega stíðna ákvörðunartöku og hægfara, burt séð frá því að miðpunktur ákvörðunartökunnar og framkvæmdarinnar er í höndum á embættismönnum ráðuneytanna, sem hafa með margt að sýsla og hafa misjafnlega mikinn tíma til að sinna verkefnum.

Á síðustu árum hafa stjórnsýslufræðingar, sem rannsakað hafa þetta vandamál lagt til aðra lausn við framkvæmd laga með það fyrir augum að liðka fyrir framkvæmdinni og efla hana. Lausn þessi felur í sér kerfi sem er algjör andstæða „framvirkar“ framkvæmdar. Hin nýja aðferð nefnist „afturvirk“ framkvæmd (backward implimentation). „Afturvirk“ framkvæmd felur í sér miklu meiri valddreifingu og lýðræðislegri stjórnunaraðferðir en tíðkast með „framvirkri“ framkvæmd. Embættismenn ráðuneytanna gegna nú fyrst og fremst því hlutverki að vera úrskurðaraðilar um ágreiningsefni, svo og eftirlitsaðili með því að framkvæmdin sé í anda gildandi laga og reglugerða, svo og gegna því hlutverki að sjá til þess að framkvæmdin sé gerð á sem hagkvæmasta hátt án þess að þjónustan skerðist, þ. e. þeir gegna því hlutverki að vera nokkurskonar eftirlitsaðilar með ákvörðunartöku á sviði stjórnunar og fjárveitinga. Með „afturvirkri“ framkvæmd er valdið fært mun nær þeim sem eiga að njóta laganna auk þess að þeir verða beinir þátttakendur í framkvæmdinni sjálfri, sem ætti þá að tryggja árangursríkari framkvæmd þar sem það er í þágu beinna hagsmuna þeirra, sem njóta framkvæmdarinnar að framkvæmdin takist sem best. Með þessu móti færast ákvörðunartakan einnig miklu nær þeim sem lögin ná til og þar með verður ákvörðunartakan og framkvæmdin mun hraðari heldur en ef fylgt væri aðferð „framvirkar“ framkvæmdar.

Uppbygging stjórnunarkerfisins skv. þessu frumvarpi er byggð á þeirri grundvallarreglu, að reynt verði að byggja sem mest á frumkvæði þeirra sem næstir eru vettvangi og ættu því að þekkja vandamálin best. Svæðisstjórnirnar eru þá sá aðili, sem er næst þeim sem lögin ná til, auk þess að í svæðisstjórnnum sitja fulltrúar þeirra. Sá aðili sem síðan tengir saman viðfangsefni og verkefni svæðisstjórnanna og tekur ákvarðanir sem svæðisstjórnirnar gætu ekki tekið er stjórnarnefndin. Stjórnarnefndin stendur einnig mjög nálægt þeim sem lögin ná til, því að fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra sitja þar ásamt embættismönnum. Félagsmálaráðuneytið og stjórnardeild þess um málefni fatlaðra er síðan framkvæmdaraðili stjórnarnefndarinnar og úrskurðaraðili í umboði ráðherra um ágreiningsefni. Stjórnardeildin hefur einnig það hlutverk að fylgjast með því að lögin séu framkvæmd á sem hagkvæmasta og árangursríkasta hátt. Endanlegur úrskurðaraðili síðan um þau málefni sem þurfa úrskurðar við, sem ekki er hægt að veita á lægri stjórnunarstigunum, er svo félagsmálaráðherra sjálfur.

4. Í 8. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem fjalla um þjónustu og vistun á stofnunum. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta segir að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn án tillits til þess hvers eðlis stofnunin er. Svæðisstjórnin mælir síðan með vistun að höfðu samráði við forstöðumann enda sé áður leitað umsagnar Greiningarstöðvar ríkisins og hún hafi mælt með vistuninni. Sé hins vegar um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra stofnana.

Eftir þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta er það orðin skoðun þeirra, sem þekkja til þessara mála, að þetta ákvæði væri of strangt því það svipti að vissu leyti stjórnendur og eigendur sjálfstæðra stofnana rétti til ákvarðana um vistun á viðkomandi stofnunum. Þá ber einnig að geta þess að verði þetta frumvarp að lögum mun það ná yfir fjölmargar sjálfseignarstofnanir, sem ekki heyrðu undir lögin um aðstoð við þroskahefta, s. s. stofnanir sem reknar eru á vegum Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar svo eitthvað sé nefnt. Eðlilegt er því að tryggja stjórnnum og stjórnendum þessara stofnana áframhaldandi ákvörðunarrétt um vistunarmál stofnananna. Í þessari grein er því lagt til að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 5., 7., 9. og 13. tl. 7. gr., þ. e. meðferðarheimili, sambýli, hjúkrunarheimili og vistheimili, verði sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórnin mælir með vistun á þessum stofnunum að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og Greiningarstöð ríkisins og hún mæli með vistun. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra. Með þessu er dregið úr því mikla valdi svæðisstjórnanna og Greiningarstöðvar ríkisins, sem þeim var tryggt með gildandi lögum, auk þess að ekki er gengið á rétt forstöðumanns og stjórna sjálfseignarstofnananna þar sem samþykki þeirra þarf til að einstaklingur geti fengið vistun á þeim stofnunum.

5. Í 10. gr. frumvarpsins er ákvæði, sem felur í sér að fötluð börn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelja í heimahúsum og njóta takmarkaðrar þjónustu, en þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu, eiga rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Geti framfærendur sjálfir annast þessa aðstoð og telji svæðisstjórn hana nauðsynlega og þá til þess hæfa skal greiða fyrir hana 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar skv. 2. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, þ. e. 15. gr., er gert ráð fyrir að þessi aðstoð nemi sem svarar hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Hálf daggjald á meðalstofnun nemur nú á milli 4 og 5 þús. kr. á mánuði. Þar sem aðstæður geta verið það breytilegar og þörfin fyrir aðstoð af þessu tagi mismunandi þá hefur það verið skoðun þeirra sem annast hafa framkvæmd gildandi laga að e. t. v. væri markið sett nokkuð hátt með því að miða við hálf daggjald. Sem stendur njóta 30—35 börn þessarar aðstoðar skv. 15. gr. laganna um aðstoð við þroskahefta og er áætlað að greiðslur vegna þess kosti ríkissjóð í kringum 1.8 millj. kr. á þessu

ári. Af þessum sökum var talið nauðsynlegt að gera þetta ákvæði sveigjanlegra þannig að meta mætti greiðsluþörfina á mismunandi hátt eftir þörfum hins fatlaða einstaklings.

6. 5. kafli frumvarpsins fjallar um hæfingar- og endurhæfingarmál. Í þessum kafla eru tekin inn þau ákvæði endurhæfingarlaganna sem fjalla beint um endurhæfingu og er hlutverk þessa kafla frumvarpsins að tryggja það að ákvæði þeirra laga falli ekki niður við það að lögin falli úr gildi, ef þetta frumvarp verður að lögum.

Eitt mikilvægasta nýmælið í þessu frumvarpi er að lögin um endurhæfingu nr. 27/1970 eru felld inn í þetta frumvarp, þ. e. þau ákvæði þeirra laga, sem snerta beint skipulag og meðferð endurhæfingar. Þetta felur í sér að endurhæfingarráð leggst niður en yfirstjórn endurhæfingarmála verður stjórnarnefndin og framkvæmdaraðilinn sú deild félagsmálaráðuneytisins, sem mun fara með málefni fatlaðra. Með þessu móti er stjórn endurhæfingarmála tekin beint inn í ráðuneytið jafnframt því að hún er sett inn í það stjórnsýslumynstur sem byggt er upp með þessu frumvarpi, þ. e. endurhæfingarmál eru skipulögð svæðisbundið. Þó svo að lögin um endurhæfingu hafi verið mjög mikilvægt og stórt framfaraspor á sínum tíma þá er eins og að þau lög hafi aldrei fullkomlega náð tilgangi sínum. Einkum má telja að tvennu sé þar um að kenna. Í fyrsta lagi hafa fjárveitingar verið takmarkaðar mjög til endurhæfingarráðs og því ekki verið gerlegt að skipuleggja þá þjónustu sem æskilegt hefði verið að skipuleggja á vegum þess ráðs. Með því að taka stjórnun endurhæfingarmálanna inn í stjórnardeild ráðuneytisins ætti hins vegar að vera minni hætt á því að skipulag endurhæfingarmála verði útundan vegna skorts á fjármagni. Í öðru lagi gera lögin um endurhæfingu ekki ráð fyrir neinni svæðisbundinni þjónustu á sviði endurhæfingarmála. Þetta hefur gert það að verkum að þjónustan hefur fyrst og fremst verið í kringum skrifstofu endurhæfingarráðs, sem staðsett er í Reykjavík, þ. e. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og ekki hefur verið bolmagn til annars vegar vegna fjárskorts, og í öðru lagi vegna þess að stjórnsýslulegt skipulag hefur ekki boðið upp á það að dreifa þjónustunni jafnt og þétt til allra byggðarlaga landsins.

7. 22.—24. gr. frumvarpsins fjalla fyrst og fremst um atvinnumál fatlaðra. Það er samdóma álit hagsmunasamtaka fatlaðra að stærsta vandamál sem snýr að fötluðu fólki sé atvinnumálin. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði inn í þetta frumvarp sem beinlínis miðuðu að því að reyna að leysa úr brýnasta vanda fatlaðra í sambandi við atvinnumál. Lagt er til að svæðisstjórnirnar komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða sem hafi það fyrst og fremst að starfi að leita að vinnu fyrir fatlað fólk. E. t. v. mætti telja þetta ákvæði óþarft þar sem til eru lög um atvinnumiðlun sem rekin skal vera á vegum sveitarfélaga. Reynslan hefir hins vegar sýnt að í öllum sveitarfélögum nema í þeim allra stærstu, s. s. Reykjavík og Akureyri, eru vinnumiðlanir svo til máttlausar stofnanir enda ekki verið þörf fyrir starfsemi af því tagi síðasta áratug vegna góðs ástands í atvinnumálum landsmanna. Fatlað fólk hefur hins vegar setið á hakanum með atvinnuúttegi. Reykjavíkurborg hefur reynt að leysa úr brýnasta vandanum með því að setja á fót sérstaka deild við Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, Öryrkjadeild, sem fyrst og fremst vinnur við að útvega öryrkjum atvinnu við sitt hæfi og hefur hún náð góðum árangri á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað.

8. 23. gr. frumvarpsins fjallar um það að á hverjum vinnustað skal ætla fötluðu fólki að minnsta kosti 20. hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnar fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þykir að finna megi störf við hæfi. Hér er stigið nokkuð róttækt skref í sambandi við atvinnumál fatlaðra, þ. e. að atvinnurekendur eru nánast skyldaðir til þess að taka frá ef aðstæður leyfa, ákveðinn fjöldi af stöðugildum fyrir fatlað fólk. Það er hins vegar álit fjölmennra samtaka fatlaðra að lagasetning af þessu tagi sé nauðsynleg. Aðferð þessi hefur verið reynd í mörgum nágrennalöndum okkar. Lagaákvæði af þessu tagi hafa verið í gildi í Bretlandi síðan 1945. Í mörgum ríkjum Austur-

Evrópu eru slík lagaákvæði í gildi, í Austurríki, og Svíar hafa nýlega stigið skref í þess átt með mjög jákvæðum árangri.

Þá er loks í þessum kafla ákvæði, sem tekið er beint upp úr endurhæfingarlögunum þess efnis, að þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt til atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Reynslan hefur sýnt að þetta lagaákvæði hefur verið svo til máttlaust síðan lögin um endurhæfingu tóku gildi. Hins vegar var ekki talið ráðlegt að fella þetta niður við gerð þessa frumvarps, en þess í stað reyna að stefna að því að framfylgja því og yrði það væntanlega hlutverk svæðisstjórnanna og atvinnuleitarinnar. Við þetta lagaákvæði endurhæfingarlaganna var síðan bætt ákvæði í þessu frumvarpi, þess efnis, að sé hinum fatlaða synjað um starfið geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafann um skriflega greinargerð um þá ákvörðun.

9. Í 27. gr. er nýtt ákvæði þess efnis að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til þess að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miði að aukinni og hagkvæmri starfsemi þeirra.

Jafnframt sé heimilt að veita lán úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum. Með þessum hætti eiga atvinnurekendur rétt á því að sækja um lán í Framkvæmdasjóð til þess að breyta vinnustöðum sínum með það fyrir augum að auðvelda fötluðu fólki atvinnumöguleika við þá.

10. Í 35. gr. frumvarpsins er fjallað um tekjur Framkvæmdasjóðs. Þar er nýmæli frá gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, sem felur það í sér að til viðbótar við ríkisframlagið, frjáls framlög og vaxtatekjur, renni til sjóðsins óskertar tekjur erfðafjár sjóðs. Skv. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952 skal verja því fé er rennur í erfðafjár sjóð til lána og styrkveitinga til að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni. Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49/1981. Samkvæmt þessum lögum skulu framkvæmdasjóði aldraðra tryggðar tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á á árinu 1981. Hlutverk framkvæmdasjóðsins er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Þar sem hér er kominn til sögunnar sérstakur framkvæmdasjóður til byggingar dvalarheimila og húsnæðis fyrir aldraða, var talið eðlilegt að leggja til að ráðstöfunarfé erfðafjár sjóðs renni til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið og stjórn.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um markmið laganna en það er í grundvallaratriðum að tryggja fötluðum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Þau réttindi, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, eru þau, sem ekki eru tryggð með öðrum lögum, sem fjalla um almenn mál og snerta hina félagslegu aðstoð þjóðfélagsins. Sem dæmi um slík almenn lög sem tryggja alla landsmenn má nefna lög um grunnskóla nr. 63/1974 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Í þessari grein er jafnframt lagt til að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði höfð við framkvæmd laganna og þeirra reglugerða, sem settar verða í samræmi við þetta frumvarp, ef að lögum verður, að samtök fatlaðra fái umsagnarrétt við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varðar. Með þessum hætti er markmið þessarar greinar að tryggja áhrif heildarsamtaka fatlaðra og félaga þeirra á ákvörðunartöku um málefni sín.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið fatlaður. Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess á undanföllum árum bæði hér og erlendis að ná samstöðu um einhverja eina skilgreiningu á hugtakinu fötlun. Menn greinir töluvert á um það hverja telja beri fatlaða og hverja ekki. Skv. mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization) er hægt að áætla að 10. hver maður teljist fatlaður. Þetta þýðir að hér á landi eru um 23 þús. manns fatlaðir. Þeir sem einkum er hægt að telja fatlaða, og allir eru sammála um að séu fatlaðir, eru fyrst og fremst þeir sem eru hreyfihlaðir, blindir, sjónskertir, heyrnarlauisir, heyrnarskertir, þroskaheftir og aðrir sem búa við andlega fötlun og geðsjúkir. Þessi upptalning eða skilgreining, sem sett er fram í frumvarpinu leysir þó engan veginn þann vanda, sem framkvæmdaaðilar löggjafarinnar, ef þetta frumvarp verður að lögum, standa frammi fyrir þegar meta þarf hverjir eiga að njóta þeirrar aðstoðar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir njóti. Af þeim sökum hlýtur að vera eðlilegt að tilgreina sérstaklega í greinargerð samtök fatlaðra, sem eðlilegt er talið að komi aðallega við sögu við framkvæmd þessara ákvæða. Þessi samtök eru: **Öryrkjabandalag Íslands** ásamt aðildarfélögum, en þau eru: Blindrafélagið, Blindravinafélag Íslands, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardauffra, Geðverndarfélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, Samband ísl. berklasjúklinga, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardauffra. **Landssamtökin þroskahjálp** ásamt aðildarfélögum þess, en þau eru: Foreldrafélag þroskaheftra á Suðurlandi, Foreldrafélag þroskaheftra í Hafnarfirði, Foreldrasamtök barna með sérþarfir í Reykjavík, Foreldrafélag barna með sérþarfir á Akureyri, Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla, Foreldra- og vinafélag Skálatúns, Foreldra- og vinafélag Kópavogshælis, Foreldra- og vinafélag Sólheima í Grímsnesi, Foreldra- og styrktarfélag Tjaldanesheimilis, Þroskahjálp Suðurnesjum, Þroskahjálp á Vesturlandi, Umsjónarfélag einhverfra barna, Foreldra- og styrktarfélag blindra og sjónskertra, Félag þroskaþjálfara, Félag þroskaþjálfanema, Félag ísl. sérkennara.

Af öðrum félögum fatlaðra sem talið er eðlilegt að hér sé um að ræða, má nefna þessi: Heyrnleysingjafélagið, Félag astma- og ofnæmissjúklinga, sem að vísu er í Sambandi ísl. berklasjúklinga, Félag sykursjúkra, Félag psoriasisjúklinga, MS-félagið, Landssamtökin Hjartavernd og Geðvernd. Þess skal getið að tvö aðildarfélög Öryrkjabandalagsins eru jafnframt aðildarfélög þroskahjálpar og voru þau því ekki talin upp í upptalningunni um Landssamtökin þroskahjálp, en þessi félög eru: Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Styrktarfélag vangefinna.

Eins og fram hefur komið áður í þessari greinargerð er lagt til að eitt heildarhugtak verði notað yfir hinar mismunandi tegundir af andlegri og líkamlegri skerðingu eða hömlun, þ. e. hugtakið fötlun.

Síðla árs 1980 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út bók með leiðbeiningum um þessi málefni: Bókin „International Classification of Impairments, Disabilities and Handicaps“. Með útgáfu bókarinnar er boðið tilraun til að samræma skráningar og flokkun afleiðinga sjúkdóma og slysa, sem hefur öllum verið skipað í flokka. Finnast þar flokkunarnúmer fyrir allar tegundir meina, fötlunar og örorku. Í allmörg ár hefur samskonar flokkunarskráning verið viðhöfð um sjúkdóma og slysa þ. á m. hér á landi og hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin talið allt eins þarft að skrá og flokka afleiðingar þ. e. varanleg mein af völdum sjúkdóma og slysa, fötlun sem af slíkum meinum leiðir og örorku sem leiðir af fötlun. Með skráningu og flokkun af þessu tagi eiga heilbrigðisyfirvöld m. a. betri kost að hafa handbærar upplýsingar um bæði nýgengi og algengi þeirra vandamála, sem hér um ræðir, en slíkt er nauðsynlegt til að hægt sé að sjá fyrir um þörf þjónustu á þessum vettvangi og búast undir hana.

Alþjóðlegu endurhæfingarsamtökin (Rehabilitation International) hafa nýverið gefið út stefnumörk sín fyrir 9. áratuginn í tilefni árs fatlaðra 1981 og hafa þar tekið upp sömu

skilgreiningar á afleiðingum sjúkdóma og slysa og greindar eru í bók Alþjóðaheilbrigðis-
málastofnunarinnar.

Í stuttu máli eru forsendur skráningar og flokkunar um sjúkdóma og slysa þessar: Starfs-
menn í heilbrigðisþjónustu hafa til langframa vanist að einskorða hug sinn við ferlið „orsök-
sjúkdómur- einkenni- lækning“. Svo eðlilegt sem þetta ferli er þá er það endasleppt þegar
lækning ekki tekst og bót ekki fæst. Tillaga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um framlag
ferlisins er eftirfarandi: 1. Fötlun (impairments) sem er fylgið í missi eða starfsemisröskun
liffæris, liffærishluta eða líkamshluta eða í röskun sálarlífs. 2. Skerðing (disability) sem er
fölgín í hverskonar færnisskerðingu eða færnisviptingu (vegna meins) til að fást við viðfangs-
efnið á þann veg og innan þeirra marka sem mönnum er eiginlegt og ætlandi. 3. Örorka
(handicap) sem er fölgín í annmörkum sem mönnum eru búnir vegna meins eða fötlunar og
draga úr eða koma í veg fyrir að þeir fái rækt hlutverk sem þeim eru almennt ætluð.

Þetta ferli má skýra með dæmum: Maður veikist af lungnabólgu sem í ljós kemur að
orsakast af tilteknum bakteríum. Þó er vitað um orsök, sjúkdóm og einkenni, og meðferð er
veitt í samræmi við það, einkenni dvína og sjúkdómurinn batnar, eftirköst verða engin og
varanlegt mein ekkert.

Annar einstaklingur veikist hastarlega með verk í brjósti og greind er kransæðastífla.
E. t. v. er vitað um meðvirkandi orsakabætti, e. t. v. ekki, og þá koma fram ýmisleg einkenni
en með réttri og nægjanlegri meðferð dvína þau og maðurinn kemst til heilsu. Þó býr hann að
líkindum við varanlega fötlun fölgna í röskun og flæði blóðs til ákveðins geira hjartavöðvans.
Vera má að það valdi honum engri færnisskerðingu, en vera má einnig að áreynsluþol verði
eftirleiðis minna sem kann að verða honum skerðing til frambúðar að því leyti að hann getur
ekki tekist á við viðfangsefnið á þann veg sem honum var eiginlegt áður. Á hinn bóginn er ekki
líklegt að þetta ástand leiði til örorku þar eð hann getur haldið áfram vinnu sinni og rækt aðrar
skyldur sínar þrátt fyrir minnkað áreynsluþol.

Þriðja dæmi er það að einstaklingur veikist með máttleysi í annarri hlið líkamans.
Einkenni vaxa og hann fær helftarlömun. Oftast er vitað um einhver tildrög slíkrar lömunar.
Bati getur verið með ýmsum hætti en líklegt er að til frambúðar verði minni máttur í útlimum
þeirrar hliðar og er þar með til staðar varanleg fötlun, sem leiðir til skerðingar því að færni
hans er skert til að fást við ýmis viðfangsefni eins og t. d. að ganga, að sinna persónuþörfum og
öðrum athöfnum o. s. frv. Ef ekkert er að gert er örorka sjálfgert framhald skerðingarinnar að
því leyti að hann getur ekki rækt hlutverk sín, sem að öllum jafnaði eru fölgín í atvinnu og
e. t. v. þátttöku í félagslífi o. s. frv.

Ljóst er að mörk milli fötlunar, skerðingar og örorku kunna að vera óskýr og oft fljótandi.
Í ýmsum tilvikum kann heldur ekki að vera ljóst strax, að menn hafi hlotið varanlega fötlun
eftir sjúkdóm eða slysa þótt líklegt sé að slík atvik geri fljótlega vart við sig. Í sumum tilvikum
kann einnig að vera matsatriði hvort fötlun leiði til skerðingar en að öllu jafnaði fer það ekki á
milli mála. Hins vegar geta augljóslega margir þættir komið við sögu og ráðið hvort skerðing
leiði til örorku eða ekki. Mörg atriði skipta þar máli, líkamsástandið, sálarhagurinn, fyrri störf,
menntun, búseta, atvinnuframboð, fjölskylda og ýmis persónuatriði, hneigðir, viðleitni, skap-
gerðarþættir o. s. frv.

Vert er að benda á að örorka er ekki síður merki um vanefni samfélagsins til þess að mæta
þörfum þeirra sem fatlast hafa. Samfélagið reiknar ekki með slíkum meðlimum innan vébanda
sinna, heldur er það fyrst og fremst byggt upp fyrir þá sem eru fullfærir að taka þátt í
samkeppni um gæði þess. Óafvitandi leggur samfélagið þannig steininn í götu þeirra sem
fatlast hafa og er þannig sjálft meðvaldur örorku þeirra. (Það sem hér hefur verið sagt um hina
fræðilegu hlið hugtaksins fötlunar og umræðunnar um skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðis-
málastofnunarinnar er alfarið byggt á grein Hauks Þórðarsonar, yfirlæknis, er birtist í Morg-
unblaðinu 12. febr. 1981 undir heitinu: „Fötlun, aðdragandi- afleiðing.“)

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu málaflokka milli þeirra þriggja ráðuneyta sem með þessi mál fara í dag og eðlilegt þykir að fari með áfram. Eitthvert stærsta vandamálið varðandi málefni fatlaðra í dag er ugglaut skortur á yfirstjórn og samstjórn. Það eitt að koma þessu í lag er stór áfangi í velferðarmálum fatlaðra. Til þessa dags hefur ekkert eitt ráðuneyti farið með samræmda yfirstjórn þessara mála. Að svo miklu leyti sem þessu hefur verið stjórnað skv. lögum hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið með almannatryggingamál og vistunarmál fatlaðra nema þeirra sem þroskaheftir eru skv. lögum um aðstoð við þroskahefta. Menntamálaráðuneytið hefur farið með menntunarmál þeirra og félagsmálaráðuneytið með félagsmál, endurhæfingu og Framkvæmdasjóð Öryrkja og þroskahefta. Varðandi aðra málaflokka hefur traudla verið um stjórnun að ræða. Hefur hún verið handahófskennd og skv. venju fremur farið fram á einstökum stofnunum en í ráðuneytum.

Hér er lagt til að félagsmálaráðuneytið fari með stjórn allra annarra málefna en þeirra er snerta hjúkrunar- og sjúkradeildir og fræðslu. Í sjálfu sér má endalaust deila um það hvar eðlilegt sé að hafa slíka yfirstjórn. Hins vegar verður því ekki á móti mælt að í dag er lítið á þessi mál frá félagslegum sjónarhóli ekki síður en heilbrigðislegum eða fræðslulegum. Samstjórn þessara mála er því einna helst félagslegs eðlis og því ekki óraunhæft að félagsmálaráðuneytið annist slíkt.

Eðlilegt er að sérstök deild sinni þessum málum innan félagsmálaráðuneytisins. Ekki þarf lagaákvæði til stofnunar slíkrar deildar því þegar er hendi deild sem annast málefni þroskahefta og er eðlilegast að hún taki við yfirstjórn málefna annarra fatlaðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir stjórnarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneytanna þriggja, stærstu hagsmunasamtaka fatlaðra, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar, auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Verkefni þessarar stjórnarnefndar yrði fyrst og fremst að gæta þess að samræma allar ráðstafanir og alla þjónustu þannig að skörun málefna ráðuneytanna, sveitarfélaganna og hagsmunasamtakanna yrði úr sögunni, en slíks eru mörg dæmi í dag. Að öðru leyti varðandi þessa grein vísast til 2. tl. í kaflanum um helstu nýmæli frumvarpsins.

Um 4. gr.

Skv. þessari grein er ætlunin að skipta landinu niður í 8 starfssvæði. Svæði þessi eru þau sömu og fræðslusvæðin og læknishéruðin skv. gildandi lögum, sbr. einnig lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Er eðlilegt að hér sé valin sama skipan enda líklegt að fleiri lög verði sniðin eftir þessu í framtíðinni.

Um 5. gr.

Á sama hátt og felst í þeirri stjórnunarlegu uppbyggingu sem löggin um aðstoð við þroskahefta kveða á um gerir þetta frumvarp ráð fyrir því að á hverju svæði skuli starfa sérstök svæðisstjórn skipuð 7 mönnum. Hlutverk svæðisstjórnarinnar er að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með stjórn þessara mála fara á svæðinu. Skv. því er ætlast til að frumkvæðið sé fyrst og fremst í héraðinu sjálfu og er það í samræmi við þann anda sem afturvirk framkvæmd felur í sér. Í svæðisstjórninni eiga sæti fræðslustjórar og héraðslæknar auk 5 annarra einstaklinga sem skipaðir eru af ráðherra. 2 þeirra eru skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða framkvæmdastjórn viðkomandi samtaka. Þetta ákvæði er sett inn í frumvarpið til þess að tryggja það að ætíð verði annar sveitarfélagsfulltrúinn úr hópi forustumanna samtaka sveitarfélaga í landinu og er það til þess að tryggja betri tengsl svæðisstjórnanna við Samband ísl. sveitarfélaga. Þá er lagt til að hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálpar og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefni 3 fulltrúa sem skipt verði milli þeirra eftir reglum sem settar verða af ráðherra að höfðu samráði við samtökin.

Í Reykjavík tilnefni borgarstjórn tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr borgarstjórninni sjálfri til þess að tryggja bein tengsl við hana, en hinn skal vera borgarfulltrúi í félagsmálaráði Reykjavíkur þar sem ljóst verður að svæðisstjórn Reykjavíkur mun þurfa mjög að hafa samskipti við ráðið við framkvæmd laganna í höfuðborginni. Þá er það lagt til að þeir sem skipi svæðisstjórnina skuli búsettir á svæðinu, en tilgangur með þessu ákvæði er sá að tryggja það að þeir sem skipi svæðisstjórnina séu hnútum kunnugir á því svæði sem svæðisstjórnin starfar á.

II. KAFLI

Þjónusta og stofnanir.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meginþætti þeirrar þjónustu, sem nauðsynlegt er að veita á hverju svæði eigi lög sem þessi að þjóna tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir því að þessi þjónusta verði veitt sem mest á almennum stofnunum þjóðfélagsins, s. s. í skólum og heilsugæslustöðvum, auk þess á stofnunum sem taldar eru upp í 7. gr. Sé rétt að framtíðarskipulagningu staðið er enginn vafi á því að tengja mætti þetta við þá þætti heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustu almennt, sem fyrir eru í landinu eða verið er að koma á fót. Þannig yrði kostnaður vegna þessa óverulegur, verði þetta felld inn í heildarmyndina.

Svæðisstjórnir gera tillögu um það hvornig þessari þjónustu verði best fyrir komið á hverju svæði og geta fleiri en eitt svæði t. d. sameinast um sérmenntað starfsfólk. Í þeim tilvikum, sem ekki eru nægjanleg verkefni fyrir sérmenntað starfsfólk eða þar sem ekki fæst slíkt fólk, getur sami aðili tekið t. d. að sér tvo eða fleiri þjónustupætti, enda fengi hann sérstaka þjálfun til viðbótarstarfa, sbr. nánari ákvæði um hlutverk Greiningarstöðvar ríkisins. Einnig er mögulegt að þeir sem annast ákveðna þætti skv. þessu á einu svæði gegni þjónustu á öðru eða öðrum svæðum, ef slíkt bitnar ekki á aðalstarfi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa annað hvort miðað við tiltekið svæði eða tiltekin sameinuð svæði fyrir landið í heild. Getur svo farið að tvö svæði sameinist algerlega um alla þjónustu og þarf þá til að koma reglugerð, þar sem m. a. yrði kveðið á um þjónustu og tekin afstaða til skiptingar kostnaðar o. fl. Þá veitir ráðherra leyfi fyrir nýrri þjónustustarfsemi svo og heimilar breytingar á þjónustustarfsemi að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um stofnanir sem nauðsynlegar eru til þess að gera fötluðum mögulegt að öðlast jafnrétti og fullkomna þátttöku á við aðra þjóðfélagsþegna. Án slíkra stofnana verður marki laga sem þessara ekki náð sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessar stofnanir eru því eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins og í órofa tengslum við farsæla lausn þessara mála í náinni framtíð. Skal reynt hér á eftir að gera í stuttu máli grein fyrir eðli þessara stofnana:

1. Dagvistarstofnanir og deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.

Með dagvistarstofnunum er átt við hefðbundnar dagvistarstofnanir sveitarfélaga fyrir börn. Með deildum tengdum dagvistarstofnunum er um að ræða deildir sem einna helst svipar til deildarinnar við Múlaborg í Reykjavík, þ. e. a. s. deild þar sem veitt er sérkennsla og þjálfun og jafnframt boðið upp á sameiginlega leikaðstöðu með öðrum börnum er á heimilinu dveljast.

2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.

Æskilegt væri að slíkar göngudeildir yrðu starfræktar við að minnsta kosti eina heilsugæslustöð á hverju starfsvæði og þá að sjálfsögðu á stærri stöðvunum, þ. e. a. s. H2 stöðvum þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Þar yrðu veitt viðtöl og ráðleggingar gefnar vegna ýmisskonar vandkvæða hins fatlaða heima fyrir o. s. frv.

3. Skammtímafósturheimili.

Hér er um að ræða starfsemi líka þeirri sem er við upptökuheimili Reykjavíkurborgar við Dalbraut, þ. e. a. s. heimili þar sem koma má fötluðum fyrir um stundarsakir t. d. vegna tímabundinna aðstæðna á heimili vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.

4. Leikfangasöfn (lekotek).

Leikfangasöfn eru nauðsynleg og þyrfti helst að vera eitt slíkt á hverju svæði og ætti að vera auðvelt að tengja slíkt fræðsluskrifstofu héraðsins eða öðrum æskilegum stað að mati svæðisstjórnar. Í dag er rekið leikfangasafn í Kjarvalshúsi á vegum Öskjuhlíðarskóla, á vegum svæðisstjórnar Reykjaness er rekið leikfangasafn í Keflavík og verið er að leggja drög að stofnun leiktækjasafna á Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og víðar.

5. Meðferðarheimili.

Hér er átt við heimili fyrir börn og unglínga með geðrænar truflanir.

Heimili af þessu tagi eru fyrst og fremst ætluð fyrir einhverf börn og unglínga, sem þarfnast dvalar um lengri tíma.

Æskilegur fjöldi einstaklinga á slíkum heimilum væri 6—8 og að sjálfsgöðu ættu slík heimili að vera í venjulegum íbúðahverfum og byggjast upp á heimilislegan og hlýlegan hátt með tilliti til langtíma dvalar. Gera þarf ráð fyrir að hluti af meðferðinni fari fram á öðrum stofnunum eftir því sem við verður komið. Ennfremur er æskilegast að börnin sæki skóla utan heimilisins og væri eðlilegast að koma á fót sérdeildum við almenna skóla, sem sæju um kennslu þessara barna, sem og annarra.

6. Sumardvalarheimili.

Hér er átt við að komið yrði á fót og starfræktar sumarþúðir fyrir fatlaða í öllum landshlutum. Gera þarf ráð fyrir sérstökum sumardvalarheimilum fyrir börn og öðrum fyrir fullorðna. Starfsemi slíkra heimila miðast við að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dvelja utan heimilis síns sér til ánægju og heilsubótar um lengri eða skemmri tíma að sumrinu.

Gera þarf ráð fyrir góðri aðstöðu til heilsuræktar og annarra viðfangsefna, sem miðist við þarfir þeirra, er þar dvelja.

Eðlilegast er hins vegar þar sem því verður við komið að koma fötluðum börnum á sumardvalarheimili, sem rekin hafa verið þar sem jafnframt dvelja ófötluð börn.

7. Sambýli (pensionöt).

Hér er um að ræða fyrst og fremst heimili fyrir fatlaða, sem geta með lítilli aðstoð séð um sig sjálfir. Æskilegur fjöldi á slíku heimili væri 6—8 einstaklingar og þyrftu eingöngu einn mann til aðstoðar. Slík heimili yrðu að sjálfsgöðu í samræmi við markmið frumvarpsins að vera í almennum íbúðahverfum. Nú þegar hafa tekið til starfa tvö sambýli í Reykjavík, annað við Auðarstræti og hitt við Sigluvog, sem rekin eru af Styrktarfélagi vangefinna, en með styrk frá ríkissjóði. Reynslan af þessum sambýlum hefur verið mjög góð og er talið að sambýli muni vera einhverjar mikilvægustu stofnanir fyrir fatlað fólk sem verið er að koma í tengsl við eðlilegt þjóðlíf. Þá er verið að leggja drög að stofnun sambýlis á Selfossi og ennfremur eru starfandi sambýli á Akureyri.

8. Dagvistarstofnanir fatlaðra og affreyningarheimili.

Dagvistarstofnanir fatlaðra og affreyningarheimili eru til þess ætluð að veita aðstöðu til föndurs og ýmisskonar smávinnu fyrir þá fatlaða fullorðna, sem ekki geta stundað vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á slíkum heimilum er æskilegt að hægt sé að veita einstaklings- og

hóppjálfun. Vistun á slíku heimili yrði daglöng eða hluta úr degi. Nú þegar eru reknar tvær dagvistarstofnanir fyrir fatlaða í Reykjavík. Önnur í húsi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra við Hátún, en hin að Lækjarási við Stjörnugróf.

9. Hjúkrunarheimili.

Hér er átt við heimili fyrir fatlaða sem þannig er ástatt um að þeir geta lítið eða ekkert séð um sig sjálfir og ekki þykir ástæða til eða allsendis er ófært að hafa þá á almennum sjúkraudeildum eða hjúkrunarheimili.

10. Verndaðir vinnustaðir.

Hér er átt við vinnustaði fyrir þá einstaklinga er notið hafa starfsþjálfunar en hvorki geta stundað né fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Á þessum stöðum yrði sköpuð aðstaða til þess að leita eftir störfum fyrir þá, er þar vinna úti á hinum almenna vinnumarkaðinum svo lengi sem þurfa þykir. Nokkrir verndaðir vinnustaðir hafa þegar tekið til starfa eða verið starfræktir um nokkurt skeið s. s. að Reykjalundi í Mosfellssveit, hjá Öryrkjabandalaginu við Hátún og hjá Blindrafélaginu við Hamrahlíð í Reykjavík. Þá er verið að koma á fót vernduðum vinnustöðum t. d. í Vestmannaeyjum, í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar, á Akureyri á vegum Sólborgar, og unnið er að því að koma upp vernduðum vinnustað í tengslum við þá starfsemi, sem rekin er við Bjarkarás við Stjörnugróf í Reykjavík.

11. Atvinnuleit.

Varðandi þennan lið er vísað til kaflans um helstu nýmæli frumvarpsins.

12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.

Hæfingar- og endurhæfingarstöð er sú stofnun þar sem fram fer þjálfun fatlaðra með það fyrir augum að gera þá jafnhæfa og ófatlaða til starfsmöguleika og fullrar þátttöku í þjóðlífinu. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar geta verið með tvennu móti. Í fyrsta lagi er um að ræða stöðvar þar sem fram fer þjálfun andlega heftra einstaklinga með það fyrir augum að gera þá hæfari til fullrar þátttöku. Þá eru til stöðvar þar sem fyrst og fremst fer fram endurhæfing skertra vöðva og líffæra einstaklinga, sem t. d. hafa lamast vegna slyss eða sökum sjúkdóma. Í heilbrigðislagnum nr. 57/1978 er gert ráð fyrir því að á heilsugæslustöðvum verði starfrækt endurhæfing. Með því móti hefur endurhæfingarstöðvunum verið dreift mjög víða um landið og gerir það að verkum að menn geta sótt endurhæfinguna nánast í sinni heimabyggð, sem er gjörbreyting frá því ástandi sem hefur ríkt á undanförmum árum. Af þekktum endurhæfingarstofnunum má nefna Grensásdeild Borgarspítalans, endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut, Reykjalund í Mosfellssveit, og æfingastöð Sjálfsbjargar við Hátún í Reykjavík.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um umsóknir um þjónustu og vistun á þeim stofnunum sem upp eru taldar í 7. gr. Lagt er til að umsóknir um þjónustu og vistun á meðferðarheimilum, sambýlum, hjúkrunarheimilum og vistheimilum verði sendar viðkomandi svæðisstjórn, sem síðan mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunar og Greiningarstöð ríkisins og að hún mæli með vistuninni. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum þarf að koma til samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra, en hér er um að ræða rýmri ákvæði en eru í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta þar sem segir að einungis sé nauðsynlegt að hafa samráð við stjórnir stofnananna áður en svæðisstjórnin heimilar vistunina. Varðandi aðrar stofnanir þarf ekki að koma til afskipta svæðisstjórnar eða Greiningarstöðvar. Ekki er ætlast til að svæðisstjórnir leggi faglegt mat á einstaklinga, enda verða svæðisstjórnir að hafa á sínum vegum sérfræðinga sem annast slíkt, sé það talið

nauðsynlegt, eða þær leita til Greiningarstöðvarinnar um hið faglega mat á þjónustupörf viðkomandi einstaklinga.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hreint og beint til öryggis, gert með það fyrir augum að ekki komi til þess að fatlaður einstaklingur njóti engrar kennslu eða þjálfunar, ef óviðráðanlegar ástæður koma í veg fyrir að hann njóti þessa í samræmi við gildandi lög. Til þessarar þjónustu þyrfti ekki að koma nema í hreinum undantekningatilfellum, t. d. séu mikil vandkvæði á því að flytja viðkomandi. Gert er ráð fyrir því að þjónusta þessi yrði fyrst og fremst af því tagi að svæðisstjórn útvegi sérstakan kennara eða einstakling, sem getur tekið að sér þjálfun hins fatlaða og að kennslan og þjálfunin færi fram á heimili hins fatlaða.

Um 10. gr.

Þessi grein er hliðstæð 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta. Gert er ráð fyrir að miðað sé einungis við börn fram til 18 ára aldurs, auk þess að í stað þess að miða við hálf daggjald á meðalstofnun sé greitt 20—175 klst. á mánuði skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Ekki er talið eðlilegt að miða við hærri aldur en 18 ára varðandi þessar greiðslur þar sem réttur til örorkulífeyris byrjar frá og með aldrinum 18 ára skv. almannatryggingalögunum. Þegar þessi ákvæði voru fyrst sett í lög með lögunum um aðstoð við þroskahefta var hér um mikilvægt nýmæli að ræða og má segja að með lögfestingu þess hafi verið brotið blað í velferðarmálum þroskaheftra þar sem forráðamönnum yrði gert auðveldara að annast sjálfir þroskahefta einstaklinga, séu þeir taldir til þess hæfir. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þann sparnað, sem slíkt hefði í för með sér í stofnkostnaði og vistunarkostnaði takist að marka stefnu í þessum málum. Hins vegar ber að fara mjög varlega í slíkt sem þetta, en erlendis hefur þetta verið reynt með misjöfnum árangri, en þar hafa skilyrði ekki verið eins ströng. Örorkustyrkur til forráðamanna fatlaðra barna og unglunga undir 18 ára aldri, svo og allra forráðamanna öryrkja, sem ákveðinn er af tryggingaráði skv. heimild í almannatryggingalögum nr. 67/1971, þ. e. barnaörorkan, myndi falla niður, ef fatlaðir einstaklingar fá greiðslu skv. þessum ákvæðum. Að öðru leyti visast til kaflans um nýmæli frumvarpsins varðandi þessa grein.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rekstrarleyfi stofnana fyrir fatlaða þannig að hlutaðeigandi ráðuneyti veiti slík leyfi að fengnum tillögum stjórnarnefnda og viðkomandi svæðisstjórnar. Þannig mundi heilbrigðismálaráðuneytið veita rekstursleyfi til göngudeilda og hjúkrunarheimila og menntamálaráðuneytið deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum og félagsmálaráðuneytið til reksturs sambýla, leikfangasafna, dagvistarstofnana fatlaðra og afþreyingarheimila, verndaðra vinnustaða, endurhæfingarstöðva og annarra stofnana sem ekki eru til í dag. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að svæðisstjórnir skuli hafa eftirlit með stofnunum og að trúnaðarmönnum þeirra verði veittur aðgangur að þeim til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi og afkomu. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að ráðherra er falið það vald að svipta stofnanir leyfi til starfa ef þær bæta ekki úr eftir kröfu svæðisstjórnna hafi svæðisstjórn talið nauðsynlegt að gera athugasemdir við ýmislegt í fari rekstursins.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

Um 13. gr.

Hér er lögð skylda á herðar þeim er annast skoðun á þunguðum konum að tilkynna báðum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði fatlað og hlutast til um frekari rannsókn og

fyrirbyggjandi aðgerðir í samráði við þá. Skv. gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta hvílir sú skylda á þeim er annast mæðraskoðanir að tilkynna væntanlegum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði þroskaheft og hlutast til um frekari rannsókn. Nú er ekki skylt að tilkynna foreldrum um annars konar fötlun þótt vissulega telji margir viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn það skyldu sína.

Ör þróun hefur orðið á fósturrannsóknum á undanförunum árum og möguleikar á fyrirbyggjandi aðgerðum (til þess að draga úr eða koma í veg fyrir fötlun) hafa aukist. Rétt þykir því að lögbinda tilkynningar- og rannsóknarskyldu þessa.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í 13. gr., en þau eiga við um þegar fötlunareinkenningin koma fyrst í ljós eftir fæðingu enda þunginn lagður á aðgerðir. Rétt þykir að viðkomandi svæðisstjórn sé tilkynnt um hugsanlega fötlun þannig að hún hafi betri möguleika á að rækja hlutverk sitt samkvæmt lagafrumvarpinu. Hins vegar ber að gera það í samráði við foreldra og séu þeir andvígir tilkynningu til svæðisstjórnar skal virða þann vilja þeirra. Skylt er þó að láta fara fram frumgreiningu á heilsugæslustöð og senda niðurstöður hennar til Greiningarstöðvar ríkisins, ef þörf er talin á vegna frekari rannsókna og ráðgjafar um meðferð vegna fötlunar, en annars ekki. Nauðsynlegt er að foreldrar séu fræddir sem best um eðli fötlunarinnar og allar ráðstafanir til þess að lækna eða draga úr henni.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar ættu að vera tiltölulega auðveld í framkvæmd. Heilsufarsskoðanir barna munu óvída eins nákvæmar og hér á landi. Nauðsynlegt er að þessar skoðanir nái til sem flestra þátta andlegrar og líkamlegrar heilbrigði. Sem stendur er unnið að skipulagningu á heilsufarsskoðunum barna fyrir næstu framtíð. Ætti því að vera auðvelt og reyndar sjálfsagt að taka tillit til þessara atriða við þá skipulagningu. Hér hvílir sú skylda á þeim sem þessar skoðanir framkvæma að tilkynna svæðisstjórnnum um fötlun vakni grunur um hana og gilda um þær tilkynningar sömu reglur og í 14. gr. Eðlilegt er að sálfræðipjónusta í skólum hafi sömu skyldur, en unnið er að uppbyggingu hennar í samræmi við grunnskólalög frá 1974 og er hún víða komin vel á veg. Segja má að með þessu móti sé verið að nýta betur ef svo má að orði komast þær heilsufarsskoðanir sem hvort sem er fara fram.

IV. KAFLI

Greiningarstöð ríkisins.

Um 16. gr.

Þessi grein fjallar um Greiningarstöð ríkisins sem nú er verið að koma á fót samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta, en ætlunin er að starfsemi hennar nái til allra fatlaðra í landinu. Greiningarstöðinni er fyrst og fremst ætlað að annast rannsókn og mat á fötlun barna og unglunga, sem vísað er þangað, sbr. t. d. 14. gr. þessa frumvarps. Þannig er ráð fyrir gert að greining á fötlun sé áfram gerð á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum eins og verið hefur, en svo mun vera að ýmsir, sem greining er nauðsynleg, hafi ekki beinan aðgang að þeim. Því er ráð fyrir gert að ástand verði óbreytt hvað þetta snertir, a. m. k. fyrst um sinn, en nauðsynlegt er að sjálfsgöðu að forðast tvíverknað á þessu sviði sem öðrum og samræma og sameina greiningarstarfið sem mest. Rétt greining er nauðsynlegur þáttur í velferðarmálum fatlaðra og hún verður tæpast gerð nema að undangenginni nákvæmri rannsókn, a. m. k. í mörgum tilfellum. Í kjölfar greiningarinnar verður að koma áætlun um meðferð og þjálfun svo og tilvísun til þeirra aðila, sem hana annast og ráðgjöf þeim til handa. Þá er mikilvægt fyrir foreldra fatlaðra barna að fá sem nákvæmasta leiðsögn um þá meðferð sem þeir sjálfir geta látið í té. Þá er ráðgert að

Greiningarstöðin starfræki leikfangapjónustu og skrái og varðveiti upplýsingar um fatlaða í samvinnu við fræðslu-, félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld. Ennfremur stundar hún leiðbeiningarstarf og þjálfun þeirra starfsmanna er veita fötluðum þjónustu, og er það eigi þýðingarlítið. Hér er um nýja stofnun að ræða og þykir því eðlilegt að binda starfsemi hennar í smáatriðum ekki í lög heldur hafa svigrúm til að móta hana nánar í reglugerð.

V. KAFLI

Hæfing og endurhæfing.

Í þessum kafla er fjallað um hæfingu og endurhæfingu. Nú eru í gildi sérstök lög um endurhæfingu, nr. 27 27. apríl 1970. Álitamál þótti hvort þau lög ættu að gilda áfram eða fella bæri meginefni þeirra inn í frumvarp þetta. Síðari kosturinn var valinn af þeim ástæðum að rétt þótti að þessi málaflokkur félli undir þá heildarstjórn á málefnum fatlaðra, sem ráðgerð er í frumvarpinu, með sama hætti og önnur málefni þeirra sem það nær til. Því er ekki að neita að með þessu móti verða færri atriði varðandi hæfingu og endurhæfingu sérstaklega bundin í lög, en á móti kemur að ýmis heildarákvæði lagafrumvarpsins ná til hæfingar- og endurhæfingarmála svo og er gert ráð fyrir að ýmsu sem að þessum málaflokki lýtur verði skipað með reglugerð.

Þess ber að geta að notuð eru bæði orðin hæfing og endurhæfing og er þá gert ráð fyrir að orðið hæfing sé notað þegar um er að ræða þann sem er fatlaður frá fæðingu, en orðið endurhæfing um þann sem fatlaður verður síðar á ævinni.

Um 17. gr.

Í upphafi þessarar greinar er skýrt hver sé tilgangur hæfingar og endurhæfingar og síðan hvert sé hlutverk stjórnarnefndar og svæðisstjórna á þessu sviði. Tekið er fram að fatlaðir skuli eiga kost á þjálfun við sitt hæfi svo að þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu. Þetta ber þó ekki að skilja svo að hæfing og endurhæfing eigi að miðast við að gera þann sem hennar nýtur að útgengilegra vinnuafli. Það verður að vera hverjum í sjálfsvald sett hvort hann þjálfar sig sérstaklega til vinnu. Því er þó ekki að neita að rík og einlæg ósk flestra fatlaðra er að geta tekið þátt í dagsins önn með sama hætti og ófatlaðir.

Þá er í greininni tekið fram að stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skuli sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast hæfingar og endurhæfingar og áætlanir um hvernig henni skuli hagað og þarf ekki að orðlengja um tilgang þessa ákvæðis.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein er stjórnarnefnd falið það hlutverk að vinna að því að verkaskipting þeirra stofnana, sem annast hæfingu og endurhæfingu sé sem hagkvæmust og starfs-hættir þeirra samræmdir í framkvæmd og ráða hagkvæmnissjónarmið þar að sjálfsögðu ferðinni. Í síðari málsgrein er nánari útfærsla á því sem í niðurlagi 17. gr. segir og skýrir það mál sig sjálft.

Um 19. gr.

Skv. þessari grein er gert ráð fyrir því að þeir sem eru endurhæfðir eigi möguleika á að fá fjárhagsaðstoð til að framfæra sig og fjölskyldu sína á meðan endurhæfing stendur, en gera má ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni þeim, sem þarfnast endurhæfingar reynast erfitt að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða á meðan á henni stendur, þótt það þurfi ekki að vera undantekningarlaust. Nauðsynlegt kann að vera endurhæfingarinnar vegna að menn geti verið lausir við fjárhagsáhyggjur af þessu tagi á meðan á henni stendur til þess að hún nái tilgangi sínum. Þá er gert ráð fyrir að menn eigi kost á styrk eða láni til verkfærakaupa eða annarri fyrirgreiðslu

leggi þeir stunda á einhvers konar heimavinnu í atvinnuskyni eða sjálfstæða starfsemi og er miðað við að auðvelda mönnum að skapa sér atvinnutækifæri.

Í annarri málsgrein er kveðið á um fyrirkomulagsatriði varðandi aðstoð þessa.

Um 20. gr.

Í þessari grein er nauðsynlegt að áréttta það að svæðisstjórnir gæti þess að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar, og atvinnuleitar hins vegar, þannig að lögð verði sem mest áhersla á að einstaklingur, sem notið hefur hæfingar eða endurhæfingar fái vinnu við sitt hæfi, þannig að endurhæfingin nýtist honum. Það eru til of mörg dæmi þess að á endurhæfingarstöðvum dveljist einstaklingar, sem notið hafa endurhæfingar og þurfa ekki að dveljast þar lengur, en verða að vera þar þar sem ekki hefur tekist að koma þeim í vinnu og/eða finna húsnæði fyrir þá. Þessi tengsl milli hæfingar og atvinnu eru mjög mikilvæg til að tryggja það að samskipunin (integringin) rofni ekki.

VI. KAFLI

Húsnæðis- og atvinnumál.

Í þessum kafla er fjallað um húsnæðis- og atvinnumál fatlaðra. Nýmæli er að sérstök ákvæði séu um húsnæðismál fatlaðra, en um atvinnumál er að finna ákvæði í eldri lögum, s. s. lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Atvinnumál eru sérstaklega mikilvægur málaflokkur, hvað varðar fatlaða, og með ákvæðum þessa kafla má ætla að staða fatlaðra á vinnumarkaðinum verði sterkari. Á hitt ber þó að líta, að lagaákvæði ein saman duga ekki til þess, að á verði breytingar, heldur þarf til að koma jákvæðari afstaða atvinnurekenda og almennings yfirleitt.

Um 21. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnin hafi forgöngu um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra. Hér er um nýmæli að ræða. Ekki þótti rétt að setja ítarlegri ákvæði varðandi þennan málaflokk, en valin var sú leið að fela málið í hendur svæðisstjórna með það í huga, að ítarlegri ákvæði verði sett að fenginni reynslu af starfi svæðisstjórna á þessu sviði. Minnt skal á að fatlaðir eiga nú kost á sérstökum lánnum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna sérþarfa sinna.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnir komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða. Skv. 3. gr. laga um vinnumiðlun nr. 52/1956 er gert ráð fyrir að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum aðstoð við að fá vinnu við þeirra hæfi. Nú er það svo, að vinnumiðlun er ekki starfandi í öllum kaupstöðum og kaптúnunum og til undantekninga heyrir, ef vinnumiðlun er með sérstaka skipulagða starfsemi fyrir öryrkja. Slíkt er þó til, s. s. hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar. Rétt þótti að nota orðið atvinnuleit til aðgreiningar frá lögum um vinnumiðlun jafnframt því sem hugtakið atvinnuleit lýsir betur þeirri starfsemi sem um ræðir.

Í 2. mgr. er um að ræða frekari ákvæði um starf atvinnuleitarinnar. Sérstaklega er gert ráð fyrir því, að atvinnuleitin standi í tengslum við Tryggingastofnun ríkisins með tilliti til reglugerðar nr. 319/1979 um öryrkjavinnu, en telja verður mikilvægt fyrir atvinnumál fatlaðra, að vinnusamningum á grundvelli reglugerðarinnar fjölgi frá því sem verið hefur.

Skv. 3. mgr. skulu svæðisstjórnir hafa eftirlit með því að hagsmunir fatlaðra verði tryggðir við byggingu nýrra vinnustaða. Hér má jafnframt vísa til ákvæða í byggingarreglugerð nr. 292/1979. Þá er gert ráð fyrir, að atvinnuleitin kanni, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða og geri tillögur um, hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Hér er um að ræða nýmæli í lögum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir, að sé starfandi sérstök deild fyrir öryrkja samkvæmt lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun, skuli svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar skv. 1. mgr. Hér er fyrst og fremst átt við Reykjavík, en óeðlilegt þykir að tveir aðilar á vegum hins opinbera vinni að þessum málaflokk á sama svæði.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein skal á hverjum vinnustað ætla fötludum a. m. k. 20. hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnanda fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þygi að finna megi störf við hæfi.

Ljóst er að slík ákvæði geta verið örðug í framkvæmd, en bent er á, að svæðisstjórn getur haft frumkvæðið gagnvart einstökum atvinnurekendum á þessu sviði. Ætti það að tryggja frekar að ákvæðin nái tilgangi sínum. Ljóst er að í þeim efnum skiptir jákvæð afstaða atvinnurekenda mestu máli.

Skv. 2. mgr. skal leggja áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola það vinnuálag, sem fullt starf hefur í för með sér. Þessi ákvæði leggja ekki beinar skyldur á þá sem skipuleggja vinnu manna, en eru fremur til viðmiðunar og leiðbeiningar.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir sem njóti endurhæfingar eigi öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum, ef hæfni þeirra er jöfn eða meiri til starfsins en annarra umsækjenda. Ákvæði þetta er í svipaða veru og ákvæði 16. gr. laga 27/1970 um endurhæfingu, sbr. 2. mgr., en þar skulu þeir, sem endurhæfingar hafa notið, að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum. Í reynd hefur þetta ákvæði breytt litlu um atvinnumál fatlaðra, en gert er ráð fyrir, að sé hinum fatlaða synjað um starf geti svæðisstjórn krafist veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð um þá ákvörðun. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa veitingarvaldshafa aukid aðhald varðandi ráðningar fatlaðra til starfa.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um kynningu á málefnum fatlaðra. Í fyrsta lagi er lagt til að í námsskrá grunnskóla verði sett námsefni sem felur í sér umfjöllun um málefni fatlaðra og stöðu þeirra í samfélaginu. Að vissu leyti er óeðlilegt lagatæknilega séð að setja í lög sem þessi ákvæði, sem felur í sér beinlínis breytingu á einhverju ákvæði annarra laga. Eðlilegri leið væri að breyta viðkomandi lögum. Hins vegar stendur yfir athugun á breytingu á grunnskólalöggjöfni og gæti því þetta ákvæði þjónað þeim tilgangi að ýta á eftir að ákvæði af þessu tagi yrðu sett í grunnskólalögin við þá breytingu. Hins vegar er þetta atriði sem Alþingi þyrfti að skera úr um sérstaklega, en fleira er í þessu frumvarpi sem ef til vill ætti heima í einhverjum gildandi lögum. Þetta atriði er hins vegar í anda þeirrar stefnu að sameina sem flest mikilsverðustu ákvæði gildandi laga um málefni fatlaðra.

Í öðru lagi gerir þessi grein ráð fyrir að stjórnardeild félagsmálaráðuneytisins, sem með málefni fatlaðra fer beiti sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra til að efla skilning almennings og eyða fordómum. Kynning þessi skal gerð í samvinnu við upplýsinga- og fræðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem ekki er óeðlilegt þar sem sú deild hefur með höndum m. a. kynningu á rétti fatlaðra.

Loks er í greininni ákvæði þar sem menntamálaráðherra er gert að ákveða að tileinka einn dag á ári meðan skólar starfa kynningu á málefnum fatlaðra í skólum landsins. Þetta ákvæði er sett að fenginni eindreginni beiðni fjölmennra hagsmunasamtaka fatlaðra.

VIII. KAFLI

Rekstur og kostnaður.

Samkvæmt meginstefnu frumvarpsins heyrir framkvæmd þess fyrst og fremst undir ríkið. Ástæða þess er m. a. sú að hin fámennari sveitarfélög hafa takmarkað bolmagn til að koma á fót þeim stofnunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Jafnframt er gert ráð fyrir, að félög geti komið á fót hinum ýmsu stofnunum, eins og verið hefur. Að meginstefnu til er gert ráð fyrir, að fé verði veitt úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að fjármagna hinar ýmsu framkvæmdir. Er ýmist um það að ræða að Framkvæmdasjóður greiðir stofnkostnað að fullu eða að sveitarfélag greiðir 15% stofnkostnaðar. Sama meginregla gildir varðandi rekstrarkostnað. Grundvallarregla þessa kafla er sú, að ákvæði hans breyti ekki kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um að ríkið komi á fót eftirtöldum stofnunum: Göngudeildum, sem jafnframt skulu veita eftirvernd, skammtíma-fósturheimilum, leikfangasöfnum, meðferðarheimilum, sumardvalarheimilum, sambýlum (pensionötum), dagvistarstofnunum fyrir fatlaða og afþreyingarheimilum, hjúkrunarheimilum, vernduðum vinnustöðum, atvinnuleit, hæfingar- og endurhæfingarstöðvum og vistheimilum.

Skv. 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög útvegi rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn. Hér er um eðlilegar tillögur að ræða þar sem rekstur og uppbygging dagvistarstofnana er á hendi sveitarfélaga.

Skv. 3. mgr. skal ríkissjóður greiða að fullu stofnkostnað varðandi meðferðarheimili, sumardvalarheimili, sambýli (pensionöt), dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili, hæfingar- og endurhæfingarstöðvar og vistheimili.

Um stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir þar sem dvelja fötluð börn fer eftir gildandi reglum á hverjum tíma, sbr. l. nr. 112/1976 og reglugerð nr. 149/1977. Hins vegar greiði sveitarfélög stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir, þó þar dvelji fötluð börn. Sérstök kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga er óraunhæf og illframkvæmanleg í slíkum tilfellum.

Ríkið greiðir 85% og sveitarfélög 15% af stofnkostnaði eftirtalinnar stofnana: Göngudeildir, skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, verndaðir vinnustaðir og atvinnuleit.

Skv. 5. mgr. skal tryggja fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr. Framkvæmd þessa ákvæðis mun mótast í tímans rás, en vakin skal athygli á, að skilgreining á hugtakinu „fatlaður“ er sveigjanleg samkvæmt frumvarpinu.

Skv. 6. mgr. greiðist úr ríkissjóði kostnaður vegna kennslu og þjálfunar þeirra, sem af óviðráðanlegum ástæðum og að mati svæðisstjórnar njóta ekki kennslu og þjálfunar utan heimilis, sbr. 9. gr. Sama gildir hvað varðar kostnað á grundvelli 10. gr., þ. e. aðstoð sem sveitarstjórn veitir fötluðum börnum til 18 ára aldurs, sem dvelja í heimahúsum og þarfnast sérstakrar gæslu eða umönnunar að mati svæðisstjórnar. Jafnframt greiðist úr ríkissjóði aðstoð samkvæmt 3. mgr. 10. gr. til þeirra, sem sjálfir geta útvegað sér framangreinda aðstoð, ef svæðisstjórn telur hana nauðsynlega. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði í lögum um aðstoð við þroskahefta.

Um 27. gr.

Skv. 1. mgr. er félagasamtökum veittur réttur á styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að koma á fót stofnunum skv. 7. gr. 3.—10. tl. og 12.—13. tl. Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af rekstri félagasamtaka á stofnunum fyrir fatlaða þykir eðlilegt að sá möguleiki sé fyrir hendi og að jafnframt verði veitt fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í 2. mgr. er það nýmæli, að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Þá er heimilt að veita lán úr framangreindum sjóði til að breyta almennum vinnu-

stöðum og bæta tækjabúnað í því skyni að bæta stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Skilyrði er þó, að viðkomandi svæðisstjórn og atvinnuleit mæli með breytingunum. Hér er um að ræða þýðingarmikil nýmæli varðandi stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Jafnframt er vakin athygli á 36. gr. laga nr. 64/1981 um atvinnuleysisstryggingar þar sem heimilt er að veita lán til þeirra framkvæmda, sem greinin nær til.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs sérdeilda dagvistarstofnana fyrir fötluð börn greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976 um dagvistarstofnanir. Þegar um er að ræða almennar dagvistarstofnanir fyrir börn er gert ráð fyrir, að ríkið greiði þann umframkostnað, sem af því leiðir fyrir viðkomandi dagvistarstofnun að fötluð börn eru á stofnuninni. Hér er t. d. um aukinn kostnað vegna starfsmannahalds að ræða. Gert er ráð fyrir að þessar greiðslur fari eftir sérstakri daggjaldaskrá í svipuðu formi og þegar er fyrir hendi.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 85%, en sveitarsjóður 15% af rekstrarkostnaði eftirtalinnna stofnana, þ. e. sá kostnaður, sem ekki greiðist af eigin fé stofnunarinnar: Skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, atvinnuleit og vistheimili.

Ríkissjóður greiðir alfarið rekstrarskostnað annarra stofnana skv. 7. gr., en um kostnað vegna göngudeilda og hæfingar- og endurhæfingarstöðva fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva.

Í 4. mgr. er að finna sérstakt ákvæði um flutningsþjónustu fyrir fatlaða. Þar er gert ráð fyrir að slík þjónusta verði greidd af rekstrarfé viðkomandi stofnunar. Um rekstrarform flutningsþjónustu fyrir fatlaða er ekki að finna sérstök ákvæði. Þar getur bæði verið um það að ræða að viðkomandi stofnanir eigi og reki bifreiðar til flutnings fatlaðra eða að sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar reki slíka flutningsþjónustu, og standi þá jafnframt að stofnkostnaði, en rekstrarkostnaður innheimtist af viðkomandi stofnunum. Ekki er í frumvarpinu fjallað um flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki dvelja á eða tengjast stofnunum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 29. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði á sama hátt og gert er skv. lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, 20. gr. Um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningarstöðinni skal setja sérstakar reglur af ráðherra. Er nauðsynlegt að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta mál.

Um 31.—32. gr.

Eðlilegt þykir að kostnaður vegna stjórnarnefndar og svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði, enda heyra þessar nefndir undir ráðherra. Þá horfir það til einföldunar þar sem skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna einstakra fulltrúa er flókin og þung í vöfum.

Um 33. gr.

Gert er ráð fyrir að greiddur skuli eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra á sjálfseignarstofnunum skv. 7. gr. Daggjöld, sem ekki eru ákveðin með föstum fjárveitingum, ber að ákveða fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd. Hafa ber samráð við daggjaldanefnd skv. almannatryggingalögum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun. Er hér um svipað fyrirkomulag að ræða og áður gildi skv. 22. gr. l. nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Mikilvægt er að réttur viðkomandi stofnunar sé virtur með því að hafa raunhæf samráð við fulltrúa stofnunarinnar við ákvörðun daggjalda.

IX. KAFLI

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um að stofna skuli sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra. Samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta er starfandi sjóður, sem hefur það hlutverk að fjármagna þær framkvæmdir og rekstur sem um getur í þeim lögum.

Gert er ráð fyrir að sjóður þessi fjármagni þær framkvæmdir, sem um getur í 26. og 27. gr. lagafrumvarpsins. Fyrst og fremst er um að ræða stofnkostnað en þó er heimilt að verja fé sjóðsins til rekstrarkostnaðar. Þar er fyrst og fremst um að ræða verkefni varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða. Nauðsynlegt þykir að hafa þessa fjármögnunarleið opna ef aðrar reynast lokaðar.

Um 35. gr.

Hér eru taldar upp þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn fái. Stærsti tekjulíðurinn verður tvímælalaust framlag ríkissjóðs og er ekki vafi á því að framkvæmdir samkvæmt lögnum, ef frumvarpið verður að lögum, muni að verulegu leyti vera undir því komnar hversu mikið fjármagn ríkið veitir sjóðnum. Gert er ráð fyrir að framlag það, sem fyrst verður ákveðið að renni í sjóðinn, sé vísitölubundið miðað við byggingarvísitölu.

Um 36. gr.

Þessi gr. fjallar um stjórnun sjóðsins og fyrirkomulag varðandi umsókn um fjármagn úr honum og afgreiðslu og töku ákvarðana varðandi umsóknir. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 37. gr.

Parfnast ekki skýringa.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 38. gr.

Þessi grein fjallar um leið upplýsingastreymi milli stjórnsýsluaðilanna, sem annast framkvæmd laganna. Svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins, safna upplýsingum um þörf vistunar, atvinnu, endurhæfingar, sérkennslu, sjúkravistunar og annarrar aðstoðar fyrir fatlaða í samræmi við þetta frumvarp, hver á sínu sviði. Þessar upplýsingar sendir svæðisstjórnin síðan til ráðuneytanna þriggja, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðismálaráðuneytisins ásamt tillögum sínum um framkvæmdaáætlun til þriggja ára í senn. Að því búnu hefja ráðuneytin vinnslu á þessum upplýsingum og athugun á þessum áætlunum og senda niðurstöður sinnar vinnu til stjórnarnefndar, sem síðan vinnur starfsáætlanir í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Þessar upplýsingar eða starfsáætlanir verða síðan sendar svæðisstjórnnum og þar með er hringurinn lokaður. Þessi vinnubrögð eiga að koma í veg fyrir tvíverknað þann að ráðuneytin afli sér sömu upplýsinga og svæðisstjórnirnar og hjá sömu aðilum. Þessi aðferð við miðlun upplýsinga og töku ákvarðana um framkvæmdir tryggir það, að svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins við framkvæmd laganna, hafa möguleika á að hafa áhrif á forgangs röðun verkefna með tillögum sínum um framkvæmdaáætlun. Ráðuneytin aftur á móti gegna því hlutverki að vera nokkurskonar eftirlitsaðili og jafnframt mun í ráðuneytunum fara fram endanleg vinnsla framkvæmdaáætlana í samræmi við fjárveitingar og sannanlega þörf að dómi ráðuneytanna hverju sinni. Stjórnarnefndin leggur síðan endanlega blessun sína yfir framkvæmdaáætlunina og aðrar ákvarðanir, sem þarf að taka í samræmi við þetta upplýsingastreymi og hlýtur hún að taka að stærstum hluta mið af þeim tillögum, sem koma frá ráðuneytunum því að þær tillögur hljóta að vera þær

raunsönnustu, vegna þess að allar framkvæmdir miðast við fjárhagsgetu á hverjum tíma, og það eru ráðuneytin, sem taka endanlegar ákvarðanir um fjárveitingaþæðir, áður en slíkar tillögur eru sendar fjárlaga- og hagsýslustofnun, ríkisstjórn og Alþingi.

Um 39. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk svæðisstjórnanna sem eftirlitsaðila með framkvæmd laganna hveðrar á sínu sviði, svo og hlutverk stjórnarnefndar í tengslum við það.

Um 40. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þessi grein fjallar um þagnarskyldu þeirra, sem annast tilkynningar, meðferð og rannsóknir á fötluðum einstaklingum skv. þessu frumvarpi. Eins og eðlilegt er verður hér að ríkja fullkominn trúnaður. Það er í sjálfu sér ekki þörf á að kveða á um slíka skyldu sérstaklega í lögum sem þessum þar sem allir opinberir starfsmenn bera lögum skv. sérstaka þagnarskyldu. Aldrei verður þó þagnarskyldan brýnd nógu oft fyrir þeim sem hana bera. Vegna þess hversu viðkvæm þessi mál eru sérstaklega á þessum stigum er æskilegt að kveða sérstaklega á um þagnarskylduna hér.

Um 43. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem þetta frumvarp, ef að lögum verður, felur í sér viss þáttaskil í samskiptum ríkisvalds við stofnanir fyrir fatlaða þá er ekki óeðlilegt að við gildistöku laganna verði gerð sú krafa til þeirra stofnana sem eru starfandi, að þær endurnýji starfsleyfi sitt í samræmi við 11. gr. frumvarpsins ásamt því að umsókninni fylgi nákvæm lýsing á starfsemi. Þetta er mikilvægt fyrir stjórnarnefnd og ráðuneytin, því að það kann að vera að það þurfi að samhæfa rekstur ýmissa stofnana og jafnvel taka til endurskoðunar þá starfsemi, sem fyrir er í samræmi við hin nýju lög.